



þ in uill avars
iord leiga umf
bu sit. þa þ h
þa iord taka in
hðsalum ok u.
skilrikum ut
num em plexr
um. þa þ hñ þa iord hapa heimila hi
na næstu xy. manadr. at bua a. ok ið
a hnum leigu sika sem þr iða a lat.
Hu er leiga eindagat. ok kemr æ þm
i eindaga. þa v heimilar h s iord. Hu
reidr h summa leigu en summa æ. þa þ
sækia ut með uattum ok þm steyn
um. þ er ept stendr. ok s þa at til all
rar þurpi at sækia. Leigu liti þ a ior
du bua til þardiaga at odrn uari. nea
þr hapi lengri maldaga a gorna. Ap
þri iordu ma h erki odrum seha a leig


hñ. ok hapi iord at hñ
ok s þ hñ bata sa er odr
milt. nema hñ hapi adr
godna at þa hñ. h leg hñ
þ umbods d þ v
m kgs hys iardn
at retum iardar
þ þ halmaz ept þri abud
to sem leigulidi þær utin
kgs iardir at þyggia sem
skalt at lagu. þa at urub
ti vdi. þa þ hñ sñ leigu
þ in tekr mutri til kgs i
gia. em aþaka ið. Gialtona
tok i mutuna. en kgi tve
þær iard sem kgr a æ. gu
kgi en halpt ið eiganda. o
umbod. ok heta þengr a
er mutuna gap. Gialtoni þ
gap ept þ sem adr v skult.
vid abud iardarinar. En

KJALNESINGA SAGA

EFNISYFIRLIT

1. Helgi bjóla nemur land	3
2. Andriður og Esja koma til landsins	6
3. Fæddur Búi Andriðsson	12
4. Átök í uppsiglingu	16
5. Hefnd Þorgríms	22
6. Hylli Ólafar Kolladóttur	25
7. Kolfinnur rís úr öskustó	27
8. Örn og Kolfinnur berjast	30
9. Einvígi milli Kolfinns og Búa	34
10. Kolfinnur safnar liði	39
11. Barist við Orrustuhól	41
12. Til Orkneyja og Noregs	44
13. Búi heldur til Dofrafjalls	47
14. Í híbýlum Dofra	53
15. Búi afhendir taflið	58
16. Heimkoma Búa	62
17. Búi og Þorgrímur sættast	66
18. Jökull Búason – Sögulok	68
Nokkur ritunarverkefni	72





1. HELGI BJÓLA NEMUR LAND

Helgi bjóla, sonur Ketils flatnefs, nam land á Kjalarnesi milli Leiruvogs og Botnsár og bjó að Hofi á Kjalarnesi. Hann var ágætur maður, **blótmaður** lítill, vitur maður og friðsamur í samskiptum við aðra. Kona hans var Þórný, dóttir Ingólfs í Vík, er fyrstur settist að á Íslandi. Þeirra synir voru Þorgrímur og Arngrímur. Þeir voru báðir stórir og sterkir og hinir vasklegustu menn.

Helgi útdeildi til skipverja sinna löndum á svæði því sem hann hafði numið. Þrándur fékk Þrándarstaði, Eilífur fékk Eilífsdal, Hækingur fékk Hækingsdal, Tindur fékk Tindurstaði og svo hver þar sem honum þótti henta.

Maður hét Örlygur. Hann var írskur að ætt og uppruna. Á þessum tíma var Írland orðið kristið. Þar réði ríkjum **Konofogor** Írakonungur. Örlygur varð fyrir reiði konungs. Hann fór að finna Patrek biskup, frænda sinn, sem sagði honum að sigla til Íslands, – „því að þangað sigla nú,“ sagði hann, „margir voldugir menn. En ég vil leggja til að þú hafir með þér þrjá hluti; það eru **vígð mold** sem þú lætur undir hornstafi kirkjunnar, biblíuhandrit og járnklukka vígð. Þú munt koma sunnan að Íslandi, þá skaltu sigla vestur fyrir þar sem fjörður mikill gengur að vestan inn í landið; þú munt

bjóla er viðurnefni en ekki er vitað með vissu hvað það merkir; hugsanlega er þetta írskt mannsnafn, Beollán

nam land merkir að hann helgaði sér landið; það var óbyggt og enginn átti það, sbr. orðið landnám

blótmaður er sá sem blótar goðin; blót voru (og eru enn) trúarathafnir heiðinna manna
Konofogor er írski, Conchobor, algengt ættarnafn þar, sbr. enska heitið Connor
vígð mold er mold sem hefur verið blessuð af presti eða öðrum trúarleiðtoga

sjá inni í firðinum þrjú há fjöll og dali í þeim öllum; þú skalt stefna inn með syðsta fjallinu; þar muntu fá góða höfn og þar ræður ríkjum vitur maður er heitir Helgi bjóla. Hann mun taka við þér því að hann er lítill blótmaður og hann mun fá þér bústað sunnan undir því fjalli er ég áður sagði þér frá. Þar skaltu láta gera kirkju og gefa hinum heilaga **Kolumba**. Far þú nú vel,“ sagði biskup, „og varðveittu trú þína sem best þó að þú verðir með heiðnum mönnum.“

Eftir þetta býr Örlygur ferð sína og gekk allt eftir er biskup hafði sagt. Hann kom að landi í Þerneyjarhöfn og fór síðan að finna Helga bjólu sem tók vel á móti honum. Reisti Örlygur þar bú og kirkju og bjó þar síðan til elli.

RIFJÆÐ UPP:

1. Hvar bjó Helgi bjóla?
2. Hvað hét kona hans og hverra manna var hún?
3. Hverjir voru synir þeirra?
4. Hvers vegna flutti Örlygur til Íslands?
5. Hver vísaði honum leiðina?
6. Hvað tók Örlygur með sér til Íslands?

TIL UMRÆÐU:

- Skoðið lýsinguna á Helga bjólu. Hann er friðsamur maður og vitur en lítill blótmaður. Getum við ef til vill lesið út úr þessum orðum afstöðu söguritarans til trúarbragðanna?

Kolumbi var írskur dýrlingur, dáinn árið 597

- Patrekur biskup vísaði Örlygi frænda sínum veginn til Íslands og sagði honum nákvæmlega hvaða leið hann átti að fara og hvern hann átti að hitta; spáði jafnvel fyrir um það hvernig honum yrði tekið. Allt fór svo eins og hann hafði sagt. Hvaðan skyldi hann hafa fengið þessa vitneskju?
- Helgi bjóla nam land (sem þýðir að hann sló eign sinni á land sem enginn átti fyrir), segir í sögunni. Ræðið landnám Íslands. Hver fann landið, hverjir fluttust hingað og af hverju?

RITUN:

1. Landnámsmaður siglir til Íslands. Lýsið skipinu, áhöfninni, varningnum sem er um borð, matnum og öðrum aðbúnaði eftir því sem hægt er. Hversu margir skyldu vera um borð og hvernig líður þeim?
2. Setjið ykkur í spor Örlygs. Hann hefur aðeins orð frænda síns fyrir því hvað muni taka við hjá honum þegar hann heldur út í óvissuna, en hefur hann um eitthvað að velja? Hvað skyldi hann hugsa á leiðinni? Skrifðið í 1. persónu.

ÆTTARTRÉ:

Búið til ættartré fyrir aðalpersónurnar og skráið þar hvar hver og einn á heima. Það auðveldar ykkur að skilja söguna og muna hver er hvað.

2. ANDRÍÐUR OG ESJA KOMA TIL LANDSINS

Á seinni hluta valdatíðar Konofogors kom skip í Leiruvog. Þar voru á ferð írskir menn. Einn þeirra hét Andriður, ungur maður og ógiftur, stór og sterkur. Þar var líka kona sem hét Esja, ekkja sem var mjög **auðug**. Með þeim var einnig maður sem hét Kolli. Helgi tók við öllu þessu fólki og fékk því land. Kolli settist að í Kollafirði. Örlygur var orðinn gamall og þar sem hann átti ekki börn þá gaf hann Esju land sitt og tók hún við því. Hún settist að á Esjubergi. Allir þeir sem hér eru nefndir voru kristnir að nafninu til en þó lá það orð á að Esja væri **fjölkunnug**. Andriður fór um veturinn til Hofs og var þar til heimilis. Hann var í fóstbræðralagi við syni Helga.

Andriður bað Helga að fá sér bústað og konu. Hann var auðugur maður. Þá var Kjalarnes allt skógi vaxið nema þar sem menn höfðu höggvið skóginn til að reisa bæi eða leggja vegi. Braut hafði verið lögð frá Hofi yfir holtin og þangað riðu þeir Helgi og Andriður um vorið.

Ög er þeir komu á holtið þá mælti Helgi: „Hér vil ég, Andriður,“ sagði hann, „gefa þér jörð og hér skalt þú reisa bæ. Mér sýnist að synir mínir vilji að þú búir ekki langt frá þeim.“

Eftir þetta reisti Andriður bæ í brautinni og kallaði Brautarholt því að skógurinn var svo þykkur að hann treysti sér ekki til að byggja bæ annars staðar. Andriður kom þar upp myndarlegu búi.

Maður hét Þormóður. Hann bjó í Þormóðsdal. Með honum var systir hans er Þuríður hét. Hún var fríð sýnum og auðug að fé. Helgi bað hennar fyrir Andrið og fékk hann hana fyrir konu. Þetta sumar gerðist það líka að Þorgrímur Helgason fékk fyrir

auðug merkir rík
fjölkunnug merkir göldrótt

konu Arndísi, dóttur Þórðar Skeggjasonar frá Skeggjastöðum. Brúðkaupin voru haldin samtímis að Hofi og var þar mikil veisla og fjölmennt.

Eftir veisluna fór Þuríður í Brautarholt og tók þar stjórn innan húss. Brátt kom í ljós að hún var mikill skörungur. Þuríður og Andríður áttu margt fé og gekk það sjálfala í skóginum um nesið. Þetta haust vantaði þriggja vetra gamla kvígu, dökka á lit. Hún hét Mús. Kvígan fannst þremur vetrum seinna á nesi því er liggur vestan undan Brautarholti. Með henni voru þá tveir kálfar, annar árs gamall en hinn fæddur um sumarið. Þess vegna kölluðu þeir staðinn Músarnes.

Fyrsta veturinn sem Andríður bjó í Brautarholti **andaðist** Helgi bjóla. Þótti mönnum það mikill skaði því að hann var vinsæll maður.

Um vorið skiptu þeir bræður föðurarfi sínum. Þorgrímur fékk jörðina og búið af því að hann var eldri og þess vegna erfði hann líka embætti **goðorðsmanns**. Arngrímur fékk útjarðirnar. Hann reisti bæ við fjörðinn og kallaði hann Saurbæ. Hann fékk borgfirsku konu er hét Ólöf. Þau eignuðust tvo syni er hétu Helgi og Vakur. Þeir urðu fræknir menn en **ekki miklir á vöxt**.

Þorgrímur reisti um vorið bú að Hofi. Þar var ekkert til sparað enda maðurinn auðugur og átti stóran frændgarð og marga vini. Hann gerðist völdugur og lét mjög til sín taka í byggðarlaginu. Hann hafði mannaforráð allt til Nýjahrauns og var það kallað **Brundælagoðorð**. Hann var kallaður Þorgrímur goði. Hann

að **andast** merkir að deyja

goðorðsmaður var bæði veraldlegur og trúarlegur leiðtogi; hann stýrði trúarathöfnunum (blótunum) og var auk þess fulltrúi svæðisins á Alþingi, hafði svipaða stöðu og alþingismenn hafa í dag

ekki miklir á vöxt þýðir að þeir voru ekki hávaxnir

Brundælagoðorð er svæði sem kennt er við Brynjudal; goðorð er yfirráðasvæði goðans

var blótmaður mikill og lét reisa mikið hof í túni sínu. Það var hundrað og tuttugu feta langt og sextíu fet á breidd. Þar skyldu allir greiða **hoftoll**. Þór var mest tignaður.

Innri hluti hofsins var hringlaga með hvolfþaki, allt tjaldað og með gluggum. Þar stóð Þór fyrir miðju og önnur goð til beggja handa. Fyrir framan Þór var stallur sem var mikil listasmíði og klæddur að ofan með járn, eins konar altari. Þar var látinn loga eldur sem aldrei skyldi slokkna; það kölluðu þeir vígðan eld. Á þessum stalli lá stór hringur gerður úr silfri. Þann hring átti goðinn að hafa á hendi sér þegar hann sótti mannfundi. Við þann hring áttu menn að sverja eiða þegar sakamál voru afgreidd.

Á þessum stalli stóð einnig stór bolli úr kopar. Í hann átti að renna blóð úr þeim dýrum eða mönnum er blótað var. Blóðið var kallað hlaut og bollinn hlautbolli. Hlautinu var svo slett á viðstadda þegar blótað var en kjöt af því fé sem var blótað var etið í blótveislunni. En ef þeir blótuðu mönnum, þá var þeim steipt ofan í fen það er var utan við dyrnar. Það kölluðu þeir blótkeldu.

Þorgrímur lét setja á stofn vorþing suður við sjóinn. Þar má enn sjá rústir eftir búðirnar. Þar átti að útkljá öll deilumál nema þau allra stærstu, en ef ekki tókst að ljúka þeim þar þá fóru þau til Alþingis.

Þorgrímur og Arndís áttu son sem hét Þorsteinn. Hann varð snemma mikill **uppivöðslumaður** og þóttist öllum öðrum meiri.

Kolli bjó í Kollafirði eins og fyrr var sagt. Hann fékk þá konu er Þorgerður hét. Hún var dóttir Eilífs í Eilífsdal. Þau áttu dóttur sem hét Ólöf. Hún var mjög fögur og var kölluð Ólöf hin **væna**.

hoftollur er gjald sem íbúar á svæðinu greiða til hofsins
uppivöðslumaður merkir frekur maður og hávaðasamur
væn merkir fögur



RIFJÐ UPP:

1. Til Íslands komu tveir írskir menn og ein kona.
Hvað hétu þau?
2. Hvað hét bærinn sem Andríður byggði?
3. Hvaða konu fékk hann?
4. Hvaða konu fékk Þorgrímur Helgason?
5. Hvað hét sonur þeirra?
6. Hvaða konu fékk Arngrímur bróðir hans?
7. Hvað hétu synir þeirra?
8. Kolli fékk líka konu. Hver var hún?
9. Hver var dóttir þeirra?

TIL UMRÆÐU:

- Í kaflanum er talað um að Esja sé fjölkunnug, sem þýðir að hún hafi fengist við galdra. Hvað vitum við um galdramenn sögualdar?
- Fjallið Esju þekkja flestir landsmenn, en er eiginnafrnið Esja algengt í dag?
- Hvað vitum við um trúarbrögð þeirra sem námu hér land í upphafi? Er lýsingin á hofi Þorgríms Helgasonar að öllu leyti trúverðug?
- Andríður og synir Helga, þeir Þorgrímur og Arngrímur, voru í fóstbræðralagi. Hvað er átt við með því?
- Í dag er starfandi söfnuður sem heitir Ásatrúarfélagið. Hvað vitum við um það félag?
- Í kaflanum kemur fram að mönnum hafi verið blótað. Þeir hafa þá verið drepnir í hofinu og þannig færðir guðunum að gjöf. Hvað er að segja um þetta? Er frásögnin trúverðug?

- Skoðið lýsingar á tveimur persónum sem sagt er frá í kaflanum og skráið hjá ykkur það sem um þær er sagt. Það eru Þorsteinn Þorgrímsson og Ólöf væna. Hér er höfundur sögunnar að búa í haginn fyrir það sem á eftir kemur.
- Helgi bjóla það þuríðar fyrir Andríð. Hvers vegna er Helgi milliliður? Af hverju sá Andríður ekki um þetta sjálfur? Hvað segir þetta um giftingar á landnámsöld? Ræðið málið.

VERKEFNI:

1. Hofið var hundrað og tuttugu feta langt og sextíu fet á breidd. Reiknið nú út hve stórt það var að flatarmáli, ef miðað er við danskt fet, sem er 31,39 cm.
2. Bættu nú inn á ættartréð. Bættu auk þess inn á myndina nöfnum annarra sem hér hafa komið við sögu og skráðu hver þau eru og hvar þau eiga heima.
3. Leitið á korti að þeim stöðum sem nefndir hafa verið.

3. FÆDDUR BÚI ANDRÍÐSSON

Þegar Andríður og Þuríður höfðu búið nokkra vetur í Brautarholti eignuðust þau son saman. Hann var vatni ausinn og kallaður Búi. Hann varð brátt mikið afbragð annarra ungra manna, stærri og sterkari en aðrir og fríðari að sjá.

Esja bjó að Esjubergi eins og fyrr var sagt. Hún bauð Búa, syni Andríðs, til fósturs og ólst hann upp að Esjubergi. Búi þótti **einrænn** í uppvextinum. Hann vildi aldrei blóta og sagði að sér fyndist lítilmannlegt að **hokra** við slíkt. Hann vildi aldrei bera vopn heldur fór hann með **slöngu** eina og hnýtti henni um sig jafnan.

Kona var nefnd Þorgerður. Hún bjó á bæ þeim er heitir að Vatni, þar sem síðan er kallað Elliðavatn. Með henni ólst upp sonur hennar er Kolfinnur hét. Hann var snemma stór og ófríður, svartur á hár. Hann lagðist við **hlóðir** og beit steiktan bök af viði og gætti katla móður sinnar. Þorgerði þótti þetta afar slæmt en Kolfinnur fór sínu fram.

Þorgrímur goði fylgdist grannt með þeim sem ekki vildu blóta og lét **þá sæta afarkostum**. Hann og Þorsteinn sonur hans fóru ófögurum orðum um Búa fyrir það að vilja ekki blóta og kölluðu hann Búa hund.

Vorið sem Búi var tólf ára, en Þorsteinn sonur Þorgríms átján ára, stefndi Þorsteinn Búa fyrir rangan átrúnað til Kjalarness-

einrænn merkir sérvitur og ómannblendinn

að **hokra** getur merkt að ganga boginn eða skríða; Búi notar orðið í neikvæðri og niðurlægjandi merkingu

slanga er einhvers konar kaðall eða taug sem Búi notar sem vopn (sjá síðar í kaflanum)

hlóðir kallast eldstæði hlaðin úr steinum

lét þá sæta afarkostum merkir að hann beitti þá mikilli hörku

þings og lét varða **skóggang**. Þessa sök sótti Þorsteinn á þinginu og varð Búi sekur skógarmaður. Búi lét sem hann vissi ekki af þessu og fór ferða sinna eins og hann var vanur. Hann fór oft í Brautarholt að finna föður sinn og móður og því hélt hann áfram. Af þessu varð óvinátta milli bæjanna.

Þegar leið á vorið er þess getið að Búi fór til Brautarholts. Hann var einn á ferð eins og venjulega. Hann bar ekki vopn en hafði vafið um sig slöngu sinni.

Þorsteinn sá för Búa og þekkti manninn. Hann gekk þá til föður síns og mælti: „Hversu lengi á það að líðast, faðir, að þessi hundur sem ég fékk dæmdan til skógar í sumar gangi hér um tún eins frjállega og hann þurfi í engu að bregðast við gagnvart okkur? Mér sýnist, að ef við þolum þetta af nágrönnum þínum, þá muni öðrum ekki finnast vandi að brjóta boð þitt eða hafa að engu það sem við segjum.“

Þorgrímur segir að sér finnist mikilvægt að bregðast rétt við þessu, – „eða hvað viltu nú gera?“

Þorsteinn segir: „Það er ljóst, ég vil að þú fái mér menn. Vil ég taka Búa af lífi er hann fer heim. Ég tel litlar líkur á að faðir hans bjóði nokkrar bætur fyrir það hvernig hann hagar sér.“

Þeir feðgar ákveða þetta. Halda þeir nú njósnum um það hvenær Búi fer heim. Búi dvaldist nokkrar nætur í Brautarholti.

Og þegar hann býst til að fara heim kom Þuríður, móðir hans, að honum og mælti: „Það vildi ég, sonur minn, að þú færir ekki

skóggangur merkir refsing, þyngsti dómur samkvæmt fornum íslenskum lögum, tuttugu ára alger brottvísun úr mannlegu samfélagi; sá sem fékk slíkan dóm var réttdræpur

svo óvarlega. Mér er sagt að Þorsteinn fari um þig hörðum orðum. Vildi ég að þú létir fara með þér tvo **vaska** menn og bærir vopn en færir ekki **slyppur** eins og þú værir kona.“

Búi segir: „Ég er skyldugur að gera vilja þinn en erfitt mun verða fyrir fósturu mína að annast fleiri slíka sem ég er. En það er ekki víst, þó að fundum okkar Þorsteins beri saman, hverjir verði til frásagnar þó að ég eigi við nokkurn liðsmun. Ég mun því haga ferðum mínum eins og ég er vanur.“

Eftir það fer Búi leið sína austur með sjó og fékk Þorsteinn njósn af. Þeir tóku þá vopn sín og urðu tólf saman. Búi var þá kominn á hæð þá er heitir Kléberg er hann sá eftirförina. Nam hann þá staðar og tók nokkra steina. Þeir Þorsteinn fóru mikinn, og er þeir komu yfir læk þann er þar var, þá heyra þeir að **þaut** í **slöngu Búa** og flaug steinn. Hann kom í brjóstið á einum manna Þorsteins og fékk hann þegar bana. Þá sendi Búi nokkra steina og féll maður fyrir hverjum þeirra. Voru þeir Þorsteinn þá komnir mjög nærri Búa. Sneri Búi þá burt af hæðinni í aðra átt og bar þá leiti á milli þeirra. Í því kom yfir þá svo mikið myrkur að þeir sáu ekki niður á tær sér.

Þorsteinn mælti þá: „**Nú er við ramman reip að draga** er við þurfum að fást bæði við trúníðing og galdrmenn en við munum snúa aftur að sinni. En ég vil að sá fundur verði með okkur Búa þar sem við verðum ekki til frásagnar báðir.“

Eftir það sneru þeir heim og báru förunauta sína með sér. Þeir voru mjög ósáttir við þessa ferð. Það var líka um það rætt að þeim hefði tekist mjög illa.

vaskur merki hraustur

slyppur merkir allslaus, í þessu tilviki vopnlaus

þaut í slöngu Búa merkir að það heyrðist hvinur í slöngunni þegar hann sveiflaði henni

Nú er við ramman reip að draga merkir að nú er við erfiðan andstaðing að fást

RIFJID UPP:

1. Búa Andriðssyni var boðið í fóstur. Hver gerði það?
2. Kona bjó á Vatni (síðar Elliðavatni). Hvað hét hún?
3. Hver var sonur hennar?
4. Ágreiningur reis milli Þorgríms goða og Búa. Hvers vegna?
5. Búi fékk dóm. Í hverju fólst hann?
6. Búi og Þorsteinn börðust. Hvernig lyktaði þeim bardaga?

TIL UMRÆÐU:

- Hér er sagt frá fæðingu og uppvexti söguhetjunnar. Skoðið vandlega hvernig Búa Andriðssyni er lýst. Hann hefur augljóslega bæði góða og slæma eiginleika til að bera. Ræðið um kosti hans og galla.
- Hver kynni að vera ástæða þess að Esja býður Búa í fóstur? Hvað þýddi þetta í raun?
- Búi var dæmdur sekur skógarmaður. Hvað þýddi það í raun á þessum tíma?
- Búi var kærður og fékk mjög þungan dóm fyrir að hafa sínar eigin skoðanir á trúmálum. Ræðið þetta. Mundi þetta viðgangast hér á landi í dag?
- Búi er í hættu, hópur manna sækir að honum og þeir ætla að drepa hann en þá kemur yfir þá myrkur svo mikið að hann sleppur undan. Ræðið nú tvennt: Í fyrsta lagi, er þetta trúlegt og í öðru lagi, er sagan eitthvað verri ef eitthvað í henni stenst ekki út frá þekktum eðlisfræðilögmálum?
- Lýsingin á Kolfinni er þekkt í bókmenntum okkar. Hann er það sem kallast kolbítur. Kolbíturinn kemur oft fyrir í fornum sögum og ekki síður í þjóðsögum. Kynnið ykkur hvað orðið kolbítur merkir. Þessi ungi maður kemur mikið við sögu síðar.

4. ÁTÖK Í UPPSIGLINGU

Búi fór nú heim og var Esja, fóstura hans, úti í dyrum. Hún heilsaði vel Búa. Hann tók vel kveðju hennar.

Esja mælti: „Fannst þér þú ekki vera **liðfár** um hríð?“

Búi mælti: „Ekki þurfti nú fleiri.“

Esja mælti: „Ekki varstu alveg einn.“

Búi mælti: „Gott þykir mér góðs að njóta.“

Esja mælti: „Ertu orðinn leiður á eltingum Þorsteins?“

„Þá kemur í ljós,“ sagði Búi, „hvort ég á von á einhverri hjálp.“

Esja mælti: „Það verður alltaf að taka áhættu.“ Eftir það slitu þau talið.

Nú líður fram á vetur. Þá fer Búi einn seint um kvöld út í Brautarholt og var þar um nóttina. Um morguninn var hann á fótum áður en birti. Sneri hann þá austur á holtið þar sem hann sá vel til bæjarins á Hofi. Veður var heiðríkt og bjart. Hann sá að maður kom út snemma úr bænum að Hofi og var í **línklaðum**. Hann sneri ofan að hliðinu og gekk götuna sem lá til hofsins. Búi þóttist þekkja að þetta væri Þorsteinn. Búi sneri þá til hofsins og er hann kom þar sá hann að garðurinn var ólæstur og einnig hofið. Búi gekk þá inn í hofið. Hann sá að Þorsteinn lá á grúfu fyrir framan Þór. Búi fór þá hljóðlega þar til hann kom að Þorsteini. Hann greip þá til Þorsteins með því móti að hann tók annarri hendi undir knésbætur honum en annarri undir herðar honum. Með þeim hætti brá hann Þorsteini á loft og keyrði höfuð hans niður á stein svo fast að heilinn hraut um gólfið. Var hann þegar dauður. Búi bar hann þá út úr hofinu og kastaði honum undir garðsvegginn. Síðan sneri hann aftur inn í hofið.

liðfár merkir með of fáa liðsmenn
línklaði eru nærklaði úr lérefti



Hann tók þá eldinn þann hinn vígða og bar logann um hofið og brá honum í tjöldin. Las eldurinn sig úr einu í annað og eftir litla stund logaði allt hofið. Búi fór þá út og læsti bæði hofinu og garðinum og fleygði lyklunum í logann. Eftir það gekk hann sína leið.

Þorgrímur goði vaknaði um morguninn og leit út. Hann sá þá að hofið stóð í ljósum logum. Hét hann þá á menn sína, bæði konur og karla, að hlaupa til með vatnskeröld og bjarga hofinu. Hann kallar líka á Þorstein, son sinn, og fannst hann hvergi. En er þeir koma til garðshliðsins var þar ekki greiðfært því að hliðið var læst en þeir fundu hvergi lyklana. Urðu þeir að brjóta upp hliðið því að garðurinn var svo hár að hvergi var fært yfir hann. Og er þeir komu inn um hliðið og í garðinn sáu þeir hvar

Þorsteinn lá dauður. Hofið var læst og því engu hægt að bjarga sem inni var. Voru þá gripnar stengur með krókum á og hofið dregið í sundur og náðist við það að bjarga nokkru af viðnum.

Nú er það að segja af Búa að hann kom á þann bæ er heitir að Hólum. Lýsti hann þar vígi Þorsteins á hendur sér, gekk eftir það heim. Var Esja fyrir vestan garð og heilsaði Búa. Hann tók vel kveðju hennar.

Hún mælti: „Hefur þú nokkuð verið eltur í morgun af Þorsteini eða hefur þú nokkuð brugðist við hótunum hans?“

Búi sagðist ekki geta þrætt fyrir það að þeim Hofverjum þætti þeir hafa orðið fyrir nokkrum skaða.

Esja mælti: „Hefur þú nokkuð lýst víginu?“

Hann kveðst hafa gert það.

Esja mælti: „Ekki treysti ég mér til að verja þig fyrir Þorgrími því að ég veit að hann kemur hér í dag.“

Búi mælti: „Muntu ekki leysa þetta á þinn hátt?“

Héldu þau svo fyrir ofan garð með fjallinu og þar yfir ána og síðan gengu þau einstigi upp í fjallið og til gnípu þeirrar er heitir Laugargnípa. Þar varð fyrir þeim hellir fagur. Var þar góð vistarvera. Þar undir niðri var ágæt jarðlaug. Í hellinum voru vistir og drykkur og klæði.

Þá mælti Esja: „Hér munt þú nú þurfa að búa um sinn.“

Búi kvað svo verða að vera. Esja sneri þá heim og þegar þangað kom lét hún gera elda í húsunum af votum mó sem sviðnaði og gaf frá sér mikinn reyk eða remmu.

lýsti vígi merkir að Búi gaf yfirlýsingu um að hann hefði drepið Þorstein; samkvæmt fornum lögum var þeim sem drap annan mann skylt að segja frá drápinu samdægurs á næsta bæ sem honum var óhætt að koma á
einstigi er stígur eða klettasylla þar sem ekki geta tveir gengið hlið við hlið
gnípa er klettanef eða tindur
remma merkir stækja eða óloft

RIFJID UPP:

1. Búi heimsótti hof Þorgríms goða. Hvert var erindið?
2. Esja kom Búa í skjól. Hvar faldi hún hann?
3. Hvað gerði Esja þegar hún kom aftur heim að Esjubergi?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um aðgerðir Búa í hofinu? Er þetta réttlætánlegt? Fyrir hvað er hann að hefna? Búi er samkvæmt sögunni aðeins tólf eða þrettán ára gamall. Er þetta trúlegt?
- Skoðið samtal Esju og Búa þegar hann kemur heim eftir bardagann við Þorstein og félagá hans. Um hvað eru þau að ræða? Finnst ykkur samtalið ekki vera dálítið sundurlaust og óljóst?
- Esja sagði við Búa: „Það verður alltaf að taka áhættu.“ Getur verið að hér sé hún að hvetja hann til drápsins sem segir frá síðar í kaflanum?

RITUN:

Esja elur Búa upp að langmestu leyti. Hvað finnst ykkur um uppeldið og samskiptin á milli þeirra? Setjið ykkur nú í spor eftirlitsaðila og skrifið stutta skýrslu um málið.





5. HEFND ÞORGRÍMS

Bónði sá er bjó í Hólum reið þegar á fund Þorsteins goða eftir að Búi fór og sagði honum hvert erindi Búa var þangað.

Þegar Þorgrímur frétti þetta sendi hann fyrst eftir mönnum, sonum Arngríms bróður síns, Helga og Vakri, og öðrum fleirum svo að þeir urðu saman þrír tugir manna. Þorgrímur reið með flokk þennan til Esjubergs og er sást til ferða þeirra lét Esja bera sorp á eldana og horn en hún stóð í dyrunum er þeir Þorgrímur komu. Esja heilsaði þeim og bauð þeim þar að vera.

Þorgrímur sagðist eiga annað erindi en að eta mat. „Viljum við,“ sagði hann, „að þú framseljir Búa hund, fósra þinn, og skulum við sjá til þess að hann fái herfilegan dauðdaga eins og hann á skilið.“

Esja mælti: „Hvað hefur fóstri minn til þess gert að hann eigi skilið að deyja?“

Þorgrímur segir: „Það munt þú vita þó að þú látir ólíkindalega. Hann hefur unnið þau níðingsverk að um slíkt finnast ekki önnur dæmi, sem betur fer. Hann hefur drepit Þorstein, son minn, en þó annað sem er miklu verra, hann hefur brennt upp hofið og goð okkar.“

Esja mælti: „Þótt Búi, fóstri minn, væri hér og hefði gert **dauðaverk**, þá mundi ég aldrei framselja hann til lífláts, en nú hefur Búi ekki komið hér síðan í gærðag er hann fór héðan.“

Þorgrímur mælti: „Við trúum því ekki að hann sé ekki hér og viljum rannsaka hús þín.“

Esja mælti: „Finn ég nú það að Helgi bjóla, faðir þinn, er

dauðaverk er eitthvað sem maður gerir og fær dauðadóm fyrir

dauður. Aldrei mundu hús mín rannsökuð ef hann réði einhverju. En nú munt þú vera í þeirri aðstöðu að þú getir ráðið þessu en ég leyfi ekki að fleiri menn fari inn í mín hús en þú við fimmta mann.“

Þorgrímur féllst á það. Þeir gengu þá inn fimm saman. Esja stóð í dyrunum og fékk **griðkonu** til að lýsa þeim. En er þeir Þorgrímur komu inn þá voru húsinn full af reyk og af svo mikilli remmu að þeir gátu varla dregið andann nema með því að halda fötum fyrir andlitinu. Griðkonunni gekk seint að kveikja ljósið en það tókst þó um síðir og það var að nafninu til borið fyrir þeim. Þó voru þeir skemur inni og fóru óvíðar um og leituðu minna en þeir hefðu gert ef þeim hefði verið vært inni í húsinnu. Eftir það komu þeir út og sögðu að ekki væri hægt að vera þar inni.

Þorgrímur mælti: „Við erum sannfærðir um það, Esja, að þú hafir falið Búa. Mundum við ganga nær þér ef þú nytir ekki föður míns og þess vegna mun ég ekki taka þig höndum.“

Esja mælti: „Ekki mun Búi finnast hér því að hann hefur ekki komið hér í dag.“

Eftir þetta reið Þorgrímur heimleiðis.

Hann mælti þá til manna sinna: „Þessi mál hafa fengið svo mjög á mig að reiði mín verður að koma einhvers staðar niður. Við skulum fara í Brautarholt og drepa Andríð.“

Helgi og Vakur sögðu það illt verk að drepa hann gamlan. Þorgrímur sagði að það skyldu þeir þó gera.

Ríða þeir nú í Brautarholt. Var þar engin vörn fyrir því að Andríður var tekinn í **öndvegi** sínu og leiddur út. Þuríður

húsfreyja bauð fé fyrir Andríð, bónda sinn, en það var ekki hlustað á hana. Fékk Þorgrímur mann til að drepa hann og varð hann drengilega við dauða sínum. Eftir það ríða þeir burtu. Þuríður húsfreyja lét búa um lík Andríðs og var hann fluttur í ey þá er þar liggur fyrir landi og var hann þar **heygður** og er sú ey síðan kölluð Andríðsey.

RIFJID UPP:

1. Þorgrímur goði reið með flokk manna til Esjubergs. Hvert var erindið?
2. Þeir Þorgrímur leituðu að Búa á Esjubergi. Hvernig gekk það? Hvað truflaði þá við leitina?
3. Hvað gerði Þorgrímur í bræði sinni þegar hann fann ekki Búa?

TIL UMRÆÐU:

- Þorgrímur goði segir Esju hvað Búi hefur gert: „Hann hefur drepið Þorstein, son minn, en þó annað sem er miklu verra, hann hefur brennt upp hofið og goð okkar.“ Ræðið þessa afstöðu. Er hún eðlileg? Hvaða tilfinningar liggja hér að baki?
- Þegar Þorgrímur finnur ekki Búa tekur hann föður hans og lætur drepa hann. Hvað er að segja um þetta?

RITUN:

Skrifið frétt um aftökuna í Brautarholti. Látið koma fram hver var aðdragandi þessa verks, þ.e. drápið á Þorsteini. Reynið að hafa fréttina í æsifréttastíl. Hver gæti fyrirsögnin verið?

heygður merkir grafinn að fornum sið, sbr. orðið **haugur**; þegar maður var heygður var hlaðinn haugur utan um hann

6. HYLLI ÓLAFAR KOLLADÓTTUR

Það sama haust sem nú er frá sagt kom skip af hafi. **Stýrimaður** hét Örn, **víkverskur** að ætt. Örn stýrimaður fór til vistar í Kollafjörð. En er **Austmaðurinn** hafði þar skamma stund dvalið sá hann hvað Ólöf Kolladóttir var fögur. Lagði hann það í vana sinn að sitja á tali við hana hvern dag. Kolli bjó góðu búi. Hann vildi að stýrimaður nyti dvalarinnar og lét efla til **leika**. En þegar ungir menn í sveitinni fréttu það þá fjölmenntu þeir til leikanna.

Esja kom fljótlega að finna Búa, fóstura sinn, og sagði honum dráp föður hans. Búi brá sér ekki við það, kvað von að félli **fornt tré**.

Hún sagði frá leikunum sem til stóð að hefja í Kollafirði. „En hitt er meira,“ sagði hún, „að Örn stýrimaður situr hvern dag á tali við Ólöfu hina vænu og halda menn að hann muni **táldraga** hana.“

Búi sagði að gott væri að hún giftist vel.

Esja mælti: „Þetta er vesældarlega mælt af þér. Ég hafði ætlað þér þessa konu. Nú vil ég að þú farir til leikanna og hættir þannig lífi þínu. Ekkert getur verndað þig ef þér er ætlað að deyja.“

Búi sagði að hún skyldi ráða. Morguninn eftir gekk Búi til leiks í Kollafjörð. Hann kom heldur seint og var þá leikurinn byrjaður. Hann var búinn eins og áður, hafði gyrt að sér slönguna. Ólöf sat á palli og Örn stýrimaður við hlið hennar og töluðust þau við.

stýrimaður væri í dag kallaður skipstjóri

víkverskur þýðir að hann var frá Víkinni, þ.e. Oslóafirðinum

Austmaður merkir Norðmaður (Norðmenn komu að austan)

leikar merkir íþróttamót

fornt tré merkir gamalt tré

táldraga þýðir að stofna til ástarsambands án þess að gifting sé fyrirhuguð

Búi gekk að pallinum og kippti burt þeim tveimur er sátu hinum megin við Ólöfu. Síðan settist hann niður og sat þar þann dag, gekk heim um kvöldið í helli sinn. Það sama gerði hann næstu daga. Örn stýrimaður hélt uppteknum hætti og gat hvorugur talað við Ólöfu án þess að hinn heyrði.

RIFJÆÐ UPP:

1. Víkverskur maður kom til Íslands og settist að í Kollafirði. Hvað hét hann?
2. Búi fór til Kollafjarðar. Hvert var erindið?

TIL UMRÆÐU:

- Hvernig brást Búi við þegar hann frétti að faðir hans hefði verið drepinn? Kemur þetta heim við þá mynd sem þið gerðuð ykkur af Búa þegar honum var lýst í 3. kafla?
- Fósturmóðir Búa segir óhikað við fóstursoninn hvaða konu hún hafði ætlað honum. Finnst ykkur þetta eðlilegt?
- Takið eftir orðum Esju: „Ekkert getur verndað þig ef þér er ætlað að deyja.“ Hvað á hún við?
- Skoðið vel þá mynd sem söguhöfundur dregur upp af þeim Búa og Erni stýrimanni þar sem þeir sitja sinn hvorum megin við Ólöfu hina vænu. Setjið ykkur í spor Ólafar. Hvernig haldið þið að henni hafi liðið í þessum félagsskap?

7. KOLFINNUR RÍS ÚR ÖSKUSTÓ

Nú er þar til að taka er Þorgerður húsfreyja var á Vatni. Hún kom dag einn í eldahúsið. Þar lá Kolfinnur, sonur hennar, og teygði út **býfur** sínar helst til langar.

Hún mælti: „Það er mikill munur á því,“ segir hún, „til hvers menn eru fæddir í heiminn og fyrir hvað menn verða frægir. Í Kollafirði sitja tveir menn og keppast um Ólöfu hina vænu og margt karlmannlegt er frá þeim sagt. Nú ganga þangað ungir menn til leika, en þú ert sú **landeyða** að þú liggur hér við eldstæðið til hrellingar móður þinni og væri betra að þú værir dauður en að vita af slíkri skömm í ætt sinni.“

Kolfinnur segir: „Áköf ertu nú, móðir, og mun þetta brátt verða betra.“

Þorgerður snýr þá burt.

Litlu síðar rís Kolfinnur upp og gengur út og litast um, sér að ekki er framorðið. Kolfinnur var svo búinn að hann var með **kollhettu** og hafði kálfskinnskó loðna á fótum. Viðarstafla stóð á hlaðinu. Hann gekk þangað og tók tré eitt langt í hönd sér, hélt svo að heiman. Hann setti stöngina fram fyrir sig og stökk á henni, fór þannig mjög hratt yfir. Hann hélt áfram uns hann kom í Kollafjörð, var þá leikurinn byrjaður. Ólöf sat á palli og þeir Örn Austmaður og Búi hvor til sinnar handar við hana. En er Kolfinnur kom í stofuna, svo búinn sem fyrr var sagt, þótti flestum hann hlægilegur. Hann nam staðar á gólfinu og litaðist um. Hann sá hvar laus stóll stóð. Gekk hann þangað, tók stólinn og setti hann framan við pallinn þar sem Ólöf sat. Kolfinnur

býfur merkir lappir (niðrandi)

landeyða er ræfill, vesalingur

kollhetta virðist hafa verið hetta með blöðum eða löfum í bak og fyrir



settist síðan í stólinn og sat þar þann dag allan. Um kvöldið gekk hann heim. Hann gekk þá til stofu.

Móðir hans heilsaði honum og spurði hvar hann hefði verið. Hann sagði henni það.

Hún mælti: „Hvernig leist þér á staðinn?“

„Vel,“ sagði hann.

„Ætlarðu að fara þangað oftar?“ sagði hún.

Kolfinnur segir: „Ekki þykist ég lausgeðjaður,“ sagði hann, „í athöfnum mínum. Nú er við því að búast að ég geri það fyrir þig að fara þangað á næstunni.“

Hún mælti: „Þá vil ég að þú hafir sómasamleg klæði, sonur minn, og góð vopn og mann til fylgdar.“

„Það vil ég ekki,“ segir hann; „ég vil hafa sama búnað, og ég mun ekki hafa fylgdarmann.“

lausgeðjaður merkir óstöðuglyndur, sá sem vill eitt í dag en annað á morgun

„Þú verður að ráða því,“ sagði hún.

Morguninn eftir gekk Kolfinnur til Kollafjarðar og fór að öllu leyti eins að og daginn áður. Svo fór fram eftir vetri að þessir þrír menn höguðu ferðum sínum eins og áður. Enginn þeirra mælti við annan, hvorki gott né illt, og enginn þeirra sagði neitt við Ólöfu sem hinir heyrðu ekki. Hún svaraði þeim öllum kurteislega.

Þorgrímur goði fréttir nú af ferðum Búa og framferði hans, en vegna þess að hann hafði gert illa á hlut hans með því að drepa föður hans þá skipti hann sér ekki af þessu og líður nú tíminn án þess að annað beri til tíðinda.

RIFJÐ UPP:

1. Kolfinnur á Vatni ákvað að fara að heiman. Hver var ástæðan?
2. Ólöf hin væna sat og horfði á leikana í Kollafirði. Hjá henni sátu þrír menn. Hverjir voru þeir?

TIL UMRÆÐU:

- Kolfinnur kemur til Kollafjarðar og sest hjá Ólöfu hinn vænu. Hvað haldið þið að henni hafi fundist um það?
- Í sögunni er ekkert minnst á leikana sem Ólöf hin væna og ungu mennirnir þrír voru að horfa á. Um hvað haldið þið að leikarnir hafi snúist?
- Af hverju gerði Þorgrímur ekkert þegar hann frétti af ferðum Búa til Ólafar?

8. ÖRN OG KOLFINNUR BERJAST

Einhvern tíma kemur Örn Austmaður að máli við Kolla bónda. Hann mælti svo: „Hér benti allt til þess, Kolli,“ sagði hann, „að hér yrði gott að vera og allt sem þér viðkemur er á hinn besta veg. En það er óþolandi að þessir tveir menn skuli hafa vanið komur sínar hingað, og ég gæti sætt mig við það, þó að illt sé, að Búi hagi sér eins og hann gerir. En hvað varðar hitt óhræsið er þar situr og hlustar á tal manna þá er ég ekki tilbúinn að þola það öllu lengur.“

Kolli segir: „Ég vil að þú farir með þetta mál eins og þér líkar.“

Þetta sama kvöld bað Örn svein sinn að vopnast og ganga suður fyrir túnið og bíða sín þar. En þar sem menn voru á ferð og flugi og bjuggust til heimferðar þá gáfu þeir ekki gaum að því hvert Austmaðurinn gekk. Sneri Austmaður þá suður um holt það er þar var. Sátu þeir þar tveir fyrir Kolfinni.

Eftir leikinn gekk Kolfinnur út eins og hann var vanur og hélt heimleiðis. En er hann kom suður af holtunum þá hlupu þeir upp, Örn og sveinn hans, og sóttu að honum. Kolfinnur varðist með lurknum og barði vopnin fyrir þeim. Varð hann þeim torsóttari en þeir áttu von á, og er þeir höfðu skamma stund barist þá sló Kolfinnur sveininn í rot. Missti hann þá bæði skjöldinn og sverðið. Kolfinnur greip þá upp hvort tveggja og sótti að Erni Austmanni og lauk svo að Örn féll en Kolfinnur særðist. Í því raknaði sveinninn við og vildi Kolfinnur ekki gera honum mein. Gekk hann þá leið sína. Sveinninn sá þegar Austmaðurinn féll. Hann skaut yfir hann skildi, gekk síðan heim í Kollafjörð. Kolli lét flytja lík Arnar heim og búa um það eins og venja var.



Nú er að segja frá ferð Kolfinns. Hann var sár mjög eins og fyrr kom fram. Ár voru nokkrar á leið hans, en er hann kom að Leirvogsá varð honum mjög kalt og stirnaði hann. Frost var nokkuð.

Maður hét Korpúlfur. Hann bjó á Korpúlfsstöðum. Hann var gamall maður og sagt að hann kynni ýmislegt fyrir sér, væri jafnvel göldróttur. Hann átti son þann er Grímur hét. Hann var ungur og mannvænlegur. Korpúlfur var móðurbróðir Kolfinns. Þangað sneri Kolfinnur ferð sinni og fékk hann þar góðar viðtökur. Korpúlfur batt sár hans. Dvaldist Kolfinnur þar um tíma en sendi orð til móður sinnar um hvar hann væri.

Þennan sama morgun sem Örn var veginn kom Esja snemma til fóstura síns. Hann fagnaði henni vel og spurði að tíðindum.

Esja sagði honum víg Arnar Austmanns og alla þá atburði. „Nú vil ég að þú breytir búnaði þínum. Hef ég hér loðkápu er ég vil að þú berir. Þá er hér skyrta sem þú skalt klæðast. Ég á von á því að hún slitni ekki skjótt, hvorki fyrir vopnum né göldrum. Sax er hér hinn þriðji gripur og vænti ég þess að það nemi hvergi staðar þegar þú heggur með því. En þú munt nú fljótlega verða að reyna hversu þér bíta vopnin.“

Búi sagði að hún skyldi ráða þessu. Búi hélt áfram að heim-sækja Kollafjörð. Var nú engin þröng á palli hjá Ólöfu. Kom hún fram við Búa eins og áður.

Þegar Kolfinnur var gróinn sára sinna sagði hann Korpúlfi, frænda sínum, að hann vildi finna móður sína.

Korpúlfur bað hann ráða því, – „en ég vil ráða því að þú klæðist ekki lengur í þessa tötra,“ sagði Korpúlfur. „Vil ég að þú hafir hédan góð klæði og vopn er ég vil gefa þér. Muntu brátt þurfa á því að halda. Þar með vil ég að Grímur, sonur minn, fylgi þér.“

Kolfinnur sagði að svo skyldi vera. Eftir það fóru þeir frændur til Vatns að finna Þorgerði. Varð hún þeim fegin og spurði hvað Kolfinnur vildi aðhafast.

Kolfinnur mælti: „Ég ætla nú á fund Búa. Við munum ekki lengur sitja báðir á tali við Ólöfu.“

Þorgerður mælti: „Sú fyrirætlan er ekki skynsamleg að ætla að berjast við Búa. Þar er við að eiga fjölkynngi Esju og **harðfengi** hans.“

Kolfinnur segir: „Tveir kostir eru í hættu hverri; annað hvort mun ég lifa eða deyja.“

„Þú munt vilja ráða, sonur minn,“ segir hún.

RIFJID UPP:

1. Örn Austmaður réðist á Kolfinn ásamt öðrum manni.
Hver var ástæðan?
2. Hvernig lauk bardaganum?
3. Hvert fór Kolfinnur eftir bardagann? Hvers vegna fór hann ekki heim?

TIL UMRÆÐU:

- Hvers konar gripur er skyrta sem Esja gefur Búa?
Hvernig kynni hún að hafa orðið til?
- Ræðið nú um Búa og stöðu hans. Þorgerður á Vatni ræður syni sínum frá því að berjast við hann og bendir á tvennt sem gerir hann hættulegri en aðra menn.
Hvað segir þetta um afstöðu söguhöfundar og trú fólks á tímum landnámsmanna?

VERKEFNI:

Hvaða staðarnöfn í kringum Kjalarnes hafa nú verið nefnd?
Takið saman hjá ykkur þau helstu.

9. EINVÍGI MILLI KOLFINNS OG BÚA

Um morguninn fóru þeir frændur snemma og komu í Kolla-fjörð. Þá bjuggust menn til leiks. Búi sat á palli hjá Ólöfu.

Kolfinnur gekk þá til stofu og að pallinum þar sem Búi sat og mælti: „Þú hefur um tvo kosti að velja,“ sagði hann. „Annar er sá að þú hættir með öllu að koma hingað, hinn að þú gangir á hólmi við mig á morgun í hólmi þeim er liggur suður í Leirvogsa.“

Búi mælti: „Það er þeim mun auðveldara að kjósa sem kostirnir eru ójafnari. Ég hef verið sjálfráður ferða minna hingað til og svo mun verða áfram. En hólmgöngu skal veita þér þegar þú vilt.“

Eftir það tókust þeir í hendur og staðfestu þannig hólmgönguna. Þeir Kolfinnur og Grímur höfðu sig þegar á braut. Fóru þeir um kvöldið í Korpúlfsstaði og sögðu Korpúlfi hvernig komið var.

Hann segir: „Nú horfir óvænt fyrir þér, frændi. Menn sem voru í sterkari stöðu en þú hafa farið illa út úr samskiptum við Esju. En það mun nú koma fram sem ætlað er.“

Þar voru þeir um nóttina. En er þeir bjuggust til ferðar mælti Korpúlfur: „Lítið lið get ég veitt þér, Kolfinnur,“ sagði hann, „en sverð er hér er ég vil gefa þér. Þetta bar ég forðum en ekki mun það hjálpa þér mikið í þetta sinn.“ Eftir það fóru þeir frændur leið sína.

Búi var eftir við leikinn og fór heim á sama tíma og hann var vanur. Var Esja þar fyrir og heilsaði fóstura sínum og spurði hvort hann hefði verið skoraður á hólmi. Hann kvað svo vera.

Esja mælti: „Þar er harðfengur maður sem Kolfinnur er og

kraftmikill. En hér verð ég nú að sofa hjá þér í nótt.“

Hún gerði honum þá **laug** og strauk hvert bein í honum. Síðan klæddi hún hann um morguninn eins og hún vildi og óskaði honum góðrar ferðar.

Búi fór nú þar til er hann kom á hólminn. Var þar Kolfinnur fyrir og fjöldi manna því að mörgum lék forvitni á að sjá atgang þessara ungu manna. Báðir voru þeir sterklegir.

Þá var sá siður að kasta feldi undir fætur sér. Það voru lög þeirra að sá er hogaði af feldi hefði tapað og skyldi greiða þrjár merkur silfurs. Sá þeirra var **óvígur** er fyrir lét blóð sitt á jörð.

Eftir það voru sögð upp hólmgöngulög milli þeirra. Búi átti að höggva fyrir því að á hann var skorað. Báðir höfðu góðan skjöld og öll önnur vopn. Búi hjó þá til Kolfinns. Kolfinnur brá skildinum og gekk hann í sundur við **mundriða**.

Eftir það hjó Kolfinnur svipað högg til Búa. Búi hjó þá til Kolfinns og gerði ónýtan fyrir honum skjöldinn og særði hann miklu sári á hendinni. Var Kolfinnur þegar óvígur. Menn hlupu þá á milli þeirra og voru þeir skildir. Eftir það fór hvor sína leið. Fór Kolfinnur á Korpúlfsstaði og batt Korpúlfur sár hans og sagði að bardagi þeirra Búa hefði farið eins og von var á.

Búi sneri frá hólmstefnunni heim til Kollafjarðar og var Ólöf við laug og heilsaði Búa.

Hann tók kveðju hennar og mælti: „Nú hafa mál þróast á þann veg, Ólöf, að ég mun ekki fara einn til hellis míns. Þykir mér leiðinlegt að ganga hingað hvern dag til að hitta þig. Nú munt þú koma með mér.“

laug merkir hér bað
óvígur merkir ófær um að berjast
mundriði er handfangið á skildinum



Ólöf segir: „Það mun föður mínum ekki líka vel.“

Búi segir: „Hann mun nú ekki verða spurður.“

Tók hann þá Ólöfu á handlegg sér og gekk leið sína. Fóru þau þar til er þau komu í helli Búa.

Var Esja þar fyrir og heilsaði þeim. „Þykir mér þú, Búi, nú hafa unnið vel úr þínum málum, varið Ólöfu fyrir ónytjungum og flutt hana nú burt frá vandræðum þeirra. Skaltu, Ólöf mín, vera hér velkomin.“

ónytjungur er ræfill, vesalingur



Ólöf sagði að Búi mundi nú ráða hvar hún gisti.

Kolfinnur frétti að Búi hefði numið Ólöfu á brott. Hann mælti þá við Korpúlfr, frænda sinn: „Nú var illt að ég var ekki við staddur,“ sagði hann. „Ekki hefði Ólöf þá farið svo, enda skal ég strax leita á fund Búa þegar sár mitt er gróið.“

Korpúlfr segir: „Það er óskynsamlegt af þér,“ sagði hann, „að leita eftir ástum Ólafar. Það verður ekki með mínu samþykki sem þú leitar á fund Búa nema þá með marga menn.“

RIFJIÐ UPP:

1. Í kaflanum segir frá einvígi. Hver skoraði á hvern og hvernig lauk bardaganum?
2. Eftir einvígið skipti Ólöf hin væna um bústað. Hvert fór hún og hvers vegna?

TIL UMRÆÐU:

- Korpúlfur segir við Kolfinn: „Nú horfir óvænt fyrir þér, frændi. Menn sem voru í sterkari stöðu en þú hafa farið illa út úr samskiptum við Esju.“ Um hvern eða hverja skyldi hann vera að tala? Af hverju segir hann „voru“ en ekki „eru“?
- Búi fer til Ólafar og tekur hana með sér í hellinn. Það sem hún segir er: „Það mun föður mínum ekki líka vel.“ Ekki kemur fram eitt orð um það hvernig henni sjálfri líkar þetta. Ræðið málið.
- „En það mun nú koma fram sem ætlað er“, segir Korpúlfur. Hér kemur enn og aftur fram forlagatrú þessa tíma. Og í lok kaflans dregur Korpúlfur verulega úr því að Kolfinnur fari aftur á móti Búa. Hvers vegna?

RITUN:

Ólöf hin væna heyrir þegar Kolfinnur skorar Búa á hólmi. Hvað finnst henni? Skriðu stutta ritgerð um hugsanir hennar þegar hún er komin heim og veltir málinu fyrir sér.

10. KOLFINNUR SAFNAR LIÐI

Nú líður veturinn og gróa sár Kolfinns og þá mælti hann: „Nú mun ég fara að finna móður mína og verða mér þar úti um liðsauka, en Grímur, sonur þinn, á að hitta mig á morgun við Leirvogsa og þeir menn sem þú sendir til liðs við mig.“ Korpúlfur sagði að svo skyldi vera. Um morguninn fundust þeir frændur þar sem Kolfinnur hafði ákveðið og urðu þeir fimmtán saman. Fóru þeir síðan sem leið lá þar til þeir komu undir fjallið hjá helli Búa. Þar var bratt einstigi. Þar uppi voru tveir varðmenn, vel vopnaðir. Höfðu þeir einnig nóg grjót. Sá Kolfinnur að þeir gátu með engu móti komist upp einstigið.

Kolfinnur kallar þá og mælti: „Ef Búi getur heyrt mál mitt þá gangi hann úr einstiginu ef hann hefur manns hug en ekki vesalings.“

Búi heyrði vel orð Kolfinns. Stökk hann þá á fætur og greip vopn sín og sagðist aldrei mundu þola aðdróttanir Kolfinns. Ólöf sagði að það væri óráðlegt að ganga út þegar þessi liðsmunur væri. Búi sagðist ekki hirða um það. Og er Búi var vopnaður þá fékk hann slíkan verk í augun að hann varð að grípa þar um með báðum höndum. Ólöf spurði hvað væri að hjá honum.

Búi sagði að eitthvað mundi tefjast útgangan, – „giska ég á,“ sagði hann, „að fóstra mín standi fyrir þessu.“

Ólöf sagði að það væri gott. Þegar Kolfinnur þóttist sjá að Búi kæmi ekki út sneri hann á braut og menn hans. Hélt hann þá áfram þar til hann kom heim og var ekki sáttur við ferð sína. Þegar Kolfinnur sneri á braut batnaði Búa augnverkurinn. Leið nú veturinn.

RIFJÐ UPP:

1. Kolfinnur ætlaði að ráðast á Búa en það var erfiðara en hann hafði haldið. Hvernig stóð á því?
2. Búi ætlaði að ráðast á Kolfinn en varð að hætta við. Hvers vegna?

TIL UMRÆÐU:

- Líklega finnst ykkur ekki trúleg sagan af því þegar Búi fékk augnverkinn en hvað finnst ykkur um að segja söguna svona? Skemmir það söguna ef eitthvað í henni er mjög ótrúlegt? Eða er kannski eftir allt saman hugsanlegt að sagan sé sönn?
- Búi vildi ólmur fara út og berjast við þessa fimmtán menn. Hvað segir þetta um hann? Er afstaða hans skynsamleg?
- Orðin afbrýði, áhrifaleysi, hlýðni, hvatvísi og yfirráð lýsa athæfi Búa, Esju, Kolfinns, Korpúlfs og Ólafar í þessum kafla. Hvaða orð hæfir hverri persónu?
- Hvað er hægt að álykta út frá þessum kafla um skoðun Ólafar á því að vera í hellinum hjá Búa? Hvernig er samband hennar við Búa?

11. BARIST VIÐ ORRUSTUHÓL

Þegar leið á sumarið ræddust þau við, Búi og Esja. „Vil ég nú,“ sagði hún, „að þú liggir ekki hér lengur heldur skaltu fara norður til Hrutafjarðar. Þar hefur skip staðið uppi í vetur á Borðeyri. Þú skalt fara utan og freista þess hvað liggi fyrir þér. Ég gerist nú gömul og mun ég eiga fáa vetur eftir.“

Þessu næst bjó hún ferð hans og fékk honum mann til fylgdar og þrjá hesta. Ólöf skyldi fara heim í Kollafjörð og bíða hans í þrjá vetur. Búi fór, þegar hann var ferðbúinn, norður með fjallinu sem leið liggur. Esja, fóstura hans, fylgdi honum á leið og þótti mikið fyrir að skiljast við hann.

Síðan reið Búi leið sína og er hann kom inn fyrir Blikdalsá fann hann smalamann úr Saurbæ. Sá spurði hverjir þeir væru. Búi sagði honum allt hið sanna. Og þegar þeir voru skildir og



leiti bar á milli tók sauðamaðurinn á rás heim og sagði þeim bræðrum allt um ferðir Búa. Þeir þökkðu honum fyrir og létu þegar taka hesta og kölluðu með sér heimamenn sína. Vopnuðust þeir skjótt og urðu tólf saman, riðu þeir mikinn.

Búi sá ekki eftirreiðina fyrir en hann kom ofan hjá Skeiðhlíð. Hann reið þá þar til er fyrir honum varð hóll sá er síðan heitir Orrustuhóll. Þar nam Búi staðar og bað förunaut sinn að gæta hesta þeirra og **gagna**. Búi gekk upp á hólinn og bar að sér grjót. Hann hafði góð vopn og var í skyrtu þeirri er fósra hans hafði gefið honum. Þeir bræður voru fljótir á staðinn. Hlupu þeir þegar af hestunum og réðust harkalega að Búa. Búi varðist drengilega. Hann lét í fyrstu ganga grjót og þegar lokið var grjótinu voru fallnir fjórir menn af þeim bræðrum. Hann tók þá skjöld sinn og sverð. Þeir bræður sóttu að honum af miklu kappi því að þeir voru báðir hugprúðir menn. Féllu nú enn tveir förunautar þeirra. Voru þeir bræður þá sárir og allir þeirra menn. Búi var þá enn ósár en ákaflega **vígamóður**.

Í því bili kom til Eilífur bóndi úr Eilífsdal við hinn sjötta mann og gekk á milli þeirra og þar sem þeir bræður voru sárir, Helgi og Vakur, þá gáfust þeir upp. Eilífur lét Búa fara leið sína og svo gerði hann. Eilífur lét jarða dauða menn en lét binda sár hinna. Eftir það fóru þeir bræður heim í Saurbæ og **undu illa sinni ferð**.

Búi hélt áfram þar til hann kom norður í Hrútafjörð. Þar tók hann sér fari og er þeir höfðu útbúið sig fyrir ferðina sigldu þeir á haf.

Þeir bræður, Helgi og Vakur, tóku sér fari um sumarið í Kolla-firði og fóru báðir utan. Þeir komu til Noregs og fóru til hirðar

gögn merkja hér farangur

vígamóður merkir móður af bardaganum

undu illa sinni ferð merkir að þeir voru óánægðir með ferðina

Haralds konungs hins hárfagra. Voru þeir um veturinn með konungi og voru **vel þokkaðir af öllum**. Þeir sögðu konungi frá samskiptum þeirra við Búa. Var konungur mjög ósáttur yfir því að Búi hafði brennt hofið og kallaði það níðingsverk.

RIFJÐ UPP:

1. Búi ákvað að fara úr landi. Hvar var Ólöf hin væna á meðan og hvað samdist með henni og Búa áður en þau skildu?
2. Ráðist var á Búa þegar hann var á leið norður í land. Hverjir voru þar að verki og hvernig lauk bardaganum?
3. Helgi og Vakur hittu Harald konung hinn hárfagra. Hvað sögðu þeir honum um Búa og hvernig tók Haraldur því?

TIL UMRÆÐU:

- Búi siglir til útlanda. Hvað þýddi það fyrir ungan mann að fara til annarra landa? Hvers gat hann vænst í slíkri för?
- Hvers vegna fer Búi norður í Hrútafjörð til að fá far til útlanda? Ein helsta höfn landsins er á heimaslóðum hans.
- Hvaða mistök urðu Búa á þegar hann var á leiðinni norður í Hrútafjörð?
- Konungur var „mjög ósáttur yfir því að Búi hafði brennt hofið og kallaði það níðingsverk.“ Hann minnst ekki á Þorstein. Finnst ykkur það eðlilegt? Skoðið aftur 5. kafla. Þar kemur fram svipuð afstaða.
- Mörg dæmi eru um að kona hafi beðið/átt að bíða þrjú ár í festum, t.d. Guðrún Ósvífursdóttir, ein aðalpersóna Laxdælu. Hvað finnst ykkur um þetta? Væru ungar stúlkur sáttar við þetta hlutskipti í dag?

vel þokkaðir af öllum merkir að öllum hafi líkað vel við þá

12. TIL ORKNEYJA OG NOREGS

Nú er að segja frá Búa. Þeim gekk seint siglingin og tóku land í Orkneyjum seint um haustið. Þá réði eyjunum Einar jarl Rögnvaldsson. Búi fór til hirðar jarls og gekk fyrir hann og heilsaði honum. Jarl spurði hver hann væri.

Búi sagði allt það helsta af sér, – „og vildi ég þiggja veturvist með þér, herra.“

Jarl segir: „Góð fylgd mun vera í þér og skaltu víst vera hér í vetur ef þú vilt.“

Búi var með hirð jarlsins um veturinn. Einar jarl stóð mjög í ströngu þann vetur. Var Búi hinn öruggasti í öllum mannraunum. En um vorið, þegar skipið sem hann hafði komið á þangað hélt til Noregs, gekk Búi fyrir jarl og bað um leyfi til að fara.

Jarl segir: „Hitt þykir mér ráðlegra, Búi, að þú dveljist með mér. Þú hefur reynst röskur. Vér munum gera þig að hirðmanni og meta þig mikils ef þú vilt vera hér.“

Búi þakkaði jarli með fögrum orðum en sagði að hann vildi fara til Noregs. Jarl sagði að hann skyldi þá fara. Eftir það sigldu þeir til Noregs og komu að landi norðarlega. Fréttu þeir að Haraldur konungur væri staddur í Þrándheimi. Fór Búi til Þrándheims á flutningaskipi og er hann kom til Steinkera þá gekk hann fyrir konung og heilsaði honum virðulega. Konungur spurði hver þessi stóri maður væri. Búi sagði allt hið sanna. Konungur spurði hvar hann hefði verið um veturinn.

Búi sagði honum það, – „og er ég hingað kominn, herra,“ sagði hann, „að ég vil bjóða þér þjónustu mína.“

Konungur mælti: „Heldur þú að þú sért velkominn hér?“
Búi sagðist ekki vita það.

Konungur lét þá kalla til sín Helga og Vakur og er þeir komu fyrir konung mælti hann: „Þekkið þið þennan stóra mann?“

„Já,“ sögðu þeir. „Hann mundi finna fyrir því ef þú værir ekki hér svo nærri og nú biðjum við þig að leyfa okkur að hefna harma okkar á honum.“

Konungur mælti: „Ég níðist ekki á neinum manni sem gengur á vald mitt. Ég sé ekki að þið hafið neinn ágóða í að reyna ykkur við hann. En af því, Búi, að þú vannst það níðingsverk að þú brenndir inni goð okkar sem allir menn eiga að tigna, þá hefði ég látið drepa þig ef þú hefðir ekki gengið á vald mitt. En nú skaltu vinna það þér til lífs að fara í sendiferð. Þú skalt sækja tafl til Dofra, fóstura míns, og færa mér.“

Búi mælti: „Hvert á ég þá að fara?“

Konungur mælti: „Það skalt þú leysa sjálfur.“

Búi mælti: „Það munu margir segja, herra, að þetta sé lífshættuleg ferð en þó ætla ég að taka þetta að mér. Ég vil að þú heitir mér **griðum** þangað til ég kem aftur.“

Konungur sagði að svo skyldi vera. Búi fór þá burt úr bænum og var um sumarið í Þrándheimi. Hann spurðist fyrir um örnefni og var honum sagt hvar Dofrafjall var.

RIFJLD UPP:

1. Búi fór til Orkneyja. Hver réði ríkjum þar á þeim tíma?
2. Hvernig líkaði Orkneyjarli við Búa?
3. Búi hitti Harald konung hinn hárfagra sem tók honum ekki sérlega vel. Hver var ástæðan?
4. Af hverju leyfði Haraldur konungur Helga og Vakri ekki að berjast við Búa?
5. Haraldur ákvað að Búi skyldi fara í sendiferð fyrir hann. Hvert átti hann að fara og hvert var erindið?

TIL UMRÆÐU:

- Einar Rögnvaldsson jarl í Orkneyjum býður Búa ýmiss konar upphefð ef hann setjist þar að. Hvers vegna vill hann ekki þiggja kostaboð jarlsins?
- Hver var þessi konungur sem Búi hittir í Noregi? Ræðið um Harald konung hárfagra.
- Hvað er Búi orðinn gamall þegar hér er komið sögu?

RITUN:

Hugsid ykkur nú að Búi hefði þegið boð Einars jarls og dvalið áfram við hirð hans. Hvernig haldið þið að ævi hans hefði orðið? Skrifid nú nýjan kafla um það og látið söguna þróast eins og ykkur finnst hún vera skemmtilegust.

13. BÚI HELDUR TIL DOFRAFJALLS

Semma vetrar, þegar snjó lagði á fjöll, sneri Búi ferð sinni upp í byggðina. Dvaldist hann þá um tíma í ofanverðri byggðinni með bónda þeim er Rauður hét. Búi spurði Rauð hvort hann sæi einhvern möguleika á því að hann gæti leyst verkefnið.

Rauður mælti: „Marga menn hefur konungur sent til að reka þetta erindi og hefur enginn komið aftur. Augljóst er að konungur **vill þig feigan**. En ég veit ekki um neinn sem veit hvar Dofri ræður ríkjum nema Haraldur konungur. En þar sem þú ert kominn til mín þá skal ég veita þér nokkra aðstoð. Ég mun vísa þér leið til Dofrafjalls og svo til gnípu þeirrar þar sem flestir telja að hellir Dofra muni vera. Þú skalt haga því svo til að þú komir þar á jólakvöldi en að öðru leyti verður þú að bjarga þér sjálfur. Ég get ekki liðsinnt þér meira.“

Búi þakkaði honum vel fyrir og gaf Rauð **fungurgull**, gott og mikið. Rauður þakkaði honum gjöfina, – „og komdu hér, Búi,“ sagði hann, „ef svo ólíklega vill til að þú komir aftur.“

Búi kvaðst mundu gera það. Hann fer nú að öllu eins og Rauður hafði mælt fyrir um, kom á jólakvöldi undir þessa gnípu og dvaldist þar um stund og sá ekkert sem líktist dyrum.

Búi sló þá **hjöltum** sínum á hamarinn og mælti: „Þú, Dofri,“ sagði hann, „opna þú höll þína og hleyptu inn manni sem er langt að kominn og **göngumóður**. Það sæmir tign þinni.“

vill þig feigan merkir vill að þú deyr

fungurgull er gullhringur

hjölt eru handhlífar á sverði

göngumóður merkir móður eftir ferðalagið, þreyttur



En er Búi hafði mælt þetta þrisvar sinnum þá heyrðist í hamrinum hljóð líkt því þegar þruma verður og komu í ljós dyr og því næst kom kona út í dyrnar. Hún var stórvaxin öll, fögur á að sjá og vel klædd, í rauðum kyrtli skreyttum með ísaumuðum borðum og mikið silfurbelti um sig. Hún hafði **slegið hár** eins og meyjja er siður. Það var mikið og fagurt. Hún hafði fagra hönd og bar marga hringa og sterklegan handlegg og var öll hin glæsilegasta.

Hún heilsaði hinum komna, hann tók því vel. Hún spurði hann að nafni og hann sagði henni, – „en hvert er nafn þitt og hver ertu?“

Hún segir: „Ég heiti Fríður, dóttir Dofra konungs, eða hvers vegna berð þú á dyr hjá okkur?“

„Ég vil hitta föður þinn og fá að vera hjá honum um jólin. Hann er frægastur konunga.“

Fríður mælti: „Mér líst ekki sem verst á þig og ég held að það sé ráð að þú gangir inn með mér.“

Búi gerði svo. Fríður bað þá um að dyrnar lokuðust og það varð. Þau gengu þá nokkurn spöl og lýsti af eldi. Hún sneri þá út að bjarginu á einum stað og var þar fyrir hurð og svo önnur. Þar komu þau inn í lítið herbergi sem var allt tjaldað og mjög vel um búið.

Fríður mælti: „Hér skaltu, Búi, setjast niður og hvíla þig og leggja af þér vopn þín og vosklæði.“

Hann gerði svo. Síðan setti hún fyrir þau fallett borð og lagði á það, bar honum síðan **mundlaug** gerða úr silfri og

dýran dúk. Því næst bað hún hann að sitja og **snæða**. Bar hún fram góðan mat og ágætan drykk. Allur borðbúnaður var úr silfri og skreyttur gulli, diskar, skálar og skeiðar. Fríður settist þá niður hjá Búa og snæddu þau og drukku bæði saman. Hún bað hann þá að segja sér allt um ferðir sínar. Búi gerði það, sagði henni allt um það hvers vegna hann var þar kominn.

„Nú hefur þú vel gert,“ sagði hún, „að þú hefur ekki leynt mig hinu sanna. Má vera að það verði þér ekki til meins – en ég vissi þetta áður. En marga menn hefur Haraldur konungur sent eftir taflí þessu og hefur faðir minn **tortímt** þeim öllum. En nú mun ég fara og segja honum hvernig komið er.“

Fríður gekk þá á braut og var í burtu um stund. Búi fagnaði henni vel er hún kom aftur og spurði hvað þau faðir hennar hefðu talast við.

Hún kveðst hafa sagt honum að skeggbarn eitt lítið væri komið. Hann bað um að fá að sjá það. „Ég sagði að það yrði að hvílast í nótt. Skaltu nú hér sofa í nótt í mínu herbergi.“ Hann lét sér það vel líka. Skemmtu þau sér þar um kvöldið.


að **snæða** merkir að borða
tortíma merkir að eyða, útrýma

RIFJID UPP:

1. Búi dvaldi um tíma hjá bónda sem aðstoðaði hann við að leysa verkefnið. Hvað hét hann?
2. Búi barði að dyrum hjá Dofra kóngi. Hver kom til dyra og hvernig viðtökur fékk Búi?

TIL UMRÆÐU:

- Hvers vegna fer Búi í þessa ferð? Nú gæti hann væntanlega stungið af úr landi og forðað sér frá Haraldi hárfagra, en hann kys að ljúka erindinu. Hvað rekur hann áfram?
- Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að Fríður býður Búa inn? Hún þarf þess ekki.
- Hvað á Fríður við þegar hún talar um skeggbarn?



14. Í HÍBÝLUM DOFRA

Búi vaknaði um morguninn og var þá orðið ljóst af degi. Fríður spurði hvernig hann hefði sofið og lét hann vel af því.

Hún færði honum þá ágæt klæði og mælti: „Nú skalt þú vera upplitsdjarfur þegar þú gengur fyrir föður minn og **djarflegur** þegar þú biður hann jólavistar.“

Gengu þau þá fram í hellinn. Síðan gekk hún á undan þar til urðu fyrir þeim hurðir og því næst komu þau inn í mikinn sal. Þar var allt altjaldað og hálmur á gólfi. Maður sat í öndvegi á hinum æðri bekk, stór og fríður. Hann hafði skegg mikið og hvítt. Þessi maður var vel búinn og hinn höfðinglegasti á að sjá. Báðir bekkirnir voru skipaðir af fólki og voru margir heldur stórleitir. Konur sátu um þvert herbergið og var sú best klædd er sat í miðjunni. Borð stóðu um allt herbergið og var á matur sem sæmdi þessari virðulegu veislu. Þar gengu ungir menn og helltu í glös. Fríður gekk fram fyrir hásætismanninn og heilsaði föður sínum. Þessi skeggjaði maður svaraði vel dóttur sinni.

Þóttist Búi nú vita að það mundi vera Dofri, gekk þá fyrir hann og mælti svo: „Sit heill, Dofri konungur, með hirð glaða!“

Dofri tók vel orðum hans og mælti til dóttur sinnar: „Er þetta það skeggbarn er þú sagðir mér frá í gær?“

„Svo er, faðir,“ sagði Fríður.

Dofri mælti: „Fáir koma slíkir úr Mannheimum nema Haraldur konungur, fóstri minn. Hann er öllum öðrum meiri. Eða hvert er erindi þitt til mín?“

Búi mælti: „Ég er hingað kominn til að biðja þig jólavistar. Ég er útlenskur maður en hef heyrt margt sagt frá frægð þinni. Mér þótti ég vera ófróður að hafa ekki séð svo **tígulegan** höfðingja.“

Dofri segir: „Vel mælist þér. Vil ég að þú sért hér með mér, skaltu drekka með mér um daga. Ég vil eiga tal við þig og þú skalt sitja í **óæðra öndvegi**. En á kvöldin skuluð þið Fríður, dóttir mín, skemmta ykkur í stofu hennar því að þér munu þykja húskarlar mínir heldur tilþrifamiklir í leiknum.“

Búi þakkaði með mörgum fögrum orðum höfðinglegt boð og þetta góða skipulag. Gekk hann þá um þvert gólf og Fríður með honum. Hún bað þá þrjá menn er þar sátu að standa upp og gerðu þeir svo. Síðan lét hún setja undir þau mjúkar sessur og settust þau þar á; sátu þar um daginn. Dofri spurði Búa margra hluta en Búi leysti vel úr öllu. En þegar kvöldaði gengu þau fyrir Dofra og kvöddu hann en hann bað þau vel fara. Gengu þau þá til herbergis hennar og voru þar um nóttina. Með þeim hætti liðu jólin.

Þegar jólum lauk gekk Búi fyrir Dofra og mælti: „Þú hefur veitt mér höfðinglega eins og von var til. En þó að mér þyki gott að vera hér þá vil ég ekki ofbjóða gestrisni þinni.“

Dofri mælti: „Þú, Búi, skalt vera hér velkominn í allan vetur ef þér þykir það betra.“

Búi þakkar honum aftur fyrir vináttu hans. Héldu þau Fríður nú venjum sínum sem áður var frá sagt.

Leið nú á veturinn og er fáar nætur voru til sumars þá mælti Búi til Fríðar: „Hvað ætlar þú að gera varðandi mitt erindi?“

tígulegur merkir glæsilegur

óæðra öndvegi – öndvegi var háseti höfðingjans/konungsins og þar á móti var óæðra öndvegi – þar sat sá sem gekk næst höfðingjanum að tign
sessur eru púðar

Ég vil biðja þig að leggja til nokkur orð við föður þinn.“

Fríður segir: „Hvarflar ekki að þér að eftir það sem gerst hefur hér í vetur eigir þú ekki lengur afturkvæmt í Mannheima? Rétt er að láta þig vita að ég geng með barni þínu.“

Búi kveðst ekki vilja mæla í móti því, – „en þó vona ég að þú munir reynast mér vel.“

Fríður mælti: „Illt mun mér nú þykja að þú sért drepinn þó að þú ættir það skilið. Mun ég nú heldur ganga á fund föður míns í dag og vita hvað verður um þig.“

Um daginn, er fólk var komið í sæti, gekk Fríður til föður síns og settist á hné hans og lagði hendur um háls hans og mælti: „Hvernig ætlar þú, faðir, að skilja við Búa, veturgest þinn? Væri það nú höfðinglegt að gera vel við hann. Fáir munu heimsækja þig sem eru ágætari en hann.“

Dofri segir: „Hvernig vildir þú, dóttir, að ég ljúki hans máli?“

Fríður mælti: „Gefðu honum ágætar gjafir, faðir. Þá má sjá að hann hefur heimsótt mikinn og ágætan höfðingja.“

Dofri mælti: „Hvað ætti að velja til þess?“


Fríður mælti: „Gefðu honum tafl það er Haraldur konungur hefur oft sent eftir og þar með fingurgull. Þá getur hann keypt sér frið við konung með taflinu en fingurgullið skal hann eiga til minningar.“

Dofri mælti: „Þessu skaltu ráða, dóttir, í þetta skipti því að ég get ekki neitað þér um neina bón.“

„Þá gerir þú vel, faðir, eins og von var til.“

Gekk hún þá til hásetis síns.

eiga afturkvæmt merkir að geta farið aftur (á þann stað sem komið var frá)



Liðu þessir dagar til sumars, og sumardag hinn fyrsta mælti Fríður til Búa: „Nú skulum við snæða hér í stofu minni. Taktu síðan klæði þín og vopn og hafðu til reiðu. Þú skalt ekki dvelja hér lengi eftir að þið faðir minn skiljið.“

Eftir það gengu þau á fund Dofra. Var hann þá sestur við borð. Dofri heilsaði þeim og bað þau að sitja og drekka. Þau gerðu svo.

Þá mælti Dofri: „Þú, Búi, hefur verið okkur til ánægju hér í vetur og vil ég að það sjáist þannig að ekki verði um villst að þú hefur heimsótt mig. Tafl er hér er ég vil gefa þér. Ég veit að Haraldi konungi, fóstura mínum, **leikur** mestur **hugur** á þessum grip. Gullhring þennan skaltu þiggja af mér.“

Búi þakkar honum með mörgum fögrum orðum fyrir allan þennan velgjörning og þá miklu sæmd er hann sýndi honum og bað hann að sitja allra konunga heilastan.

Eftir það kvöddu þau konung og héldu á brott. Þegar þau komu til hellisdyranna opnaðist hellirinn. Gekk Fríður þá út og mælti til Búa: „Nú er svo komið, Búi, eins og ég sagði þér, að ég geng með barni þínu. Skal ég nú segja þér hver skipan verður á því. Ef það er stúlka þá skal hún vera með mér en ef það er drengur þá mun ég senda þér hann þegar hann er tólf vetra gamall. Skaltu þá taka honum vel. En ef þú gerir það ekki muntu verða að gjalda þess. Ég fylgi þér ekki áleiðis og farðu nú vel,“ segir Fríður.

Eftir það skilja þau.

RIFJID UPP:

1. Hvernig tók Dofri konungur á móti Búa?
2. Fríður Dofradóttir ræddi við föður sinn. Hvað lagði hún til að hann gerði fyrir Búa?
3. Búi kvaddi Fríði Dofradóttur og hélt áleiðis til byggða. Hvað sagði hún við hann áður en þau skyldu?

TIL UMRÆÐU:

- Fríður segir við Búa: „Illt mun mér nú þykja að þú sért drepinn þó að þú ættir það skilið.“ Hvað á hún við? Ýmislegt bendir til þess að þeim hafi ekki komið illa saman í hellinum um veturinn.
- Skoðið vel ummæli Fríðar er hún kveður Búa. Hvers óskar hún frá honum? Hvaða tilfinningar kynnu að vera þar að baki?

15. BÚI AFHENDIR TAFLIÐ

Gekk Búi leið sína og létti ekki fyrir en hann kom til Rauðs. Tók hann vel á móti honum og spurði um ferðir hans en Búi sagði hið sanna.

Rauður mælti: „Mikil gæfa hefur fylgt þér í ferð þinni. En svo getur þú búist við því að Haraldur konungur láti ekki við þetta sitja því að nú mun hann láta þig berjast við tröll það er hættulegast er í Noregi. Það er **blámaður** sem hefur orðið mörgum manni að bana. Nú vil ég gefa þér glímustakk þann er þú skalt hafa með þér. Á ég þá von á því að þú finnir ekki mikið fyrir því hvar hann setur á þig krumflur sínar. Hann brýtur bein í flestum ef hann drepur þá ekki.

Búi þakkaði Rauð sinn **velgerning**. Dvaldist hann þar nokkrar nætur og fór síðan ofan til Þrándheims. Frétti hann þá að konungur var að Steinkerum. Þegar Búi kom þangað gekk hann á fund konungs og heilsaði honum.

Konungur leit við honum og mælti: „Ertu þar, Búi? Hvernig tók Dofri á móti þér?“

„Já, herra,“ sagði Búi. „Þar naut ég þín því að Dofri tók vel á móti mér.“

Konungur mælti: „Varstu með Dofra í vetur eða fékkstu taflíð?“

„Já, herra,“ sagði Búi, „ég fékk tafl.“

Konungur mælti: „Komdu til mín á morgun með það.“

Búi sagðist mundu gera það.

Daginn eftir kom Búi fyrir konung er hann sat yfir drykkju-
borðum og færði honum taflíð og er konungur sá það mælti

létti ekki merkir hægði ekki á sér, hvíldi sig ekki
blámaður – hann hefur verið dökkur á hörunnd (bláleitur)
velgerningur merkir hjálp eða fyrirgreiðsla

hann: „Þú ert mikill maður fyrir þér, Búi,“ sagði konungur; „hefur þú sannað það með þessu að þú hefur fundið Dofra. Þetta tafl hefur hann aldrei viljað láta mig hafa. En þar sem þú ert svo mikill maður þá verðum við að sjá nokkuð af afli þínu og skaltu fást við blámann minn.“

Búi segir: „Ég hélt að ef ég fengi taflid þá mundir þú láta mig fara í friði.“

Konungur mælti: „Það er ekki mikið að taka eina glímu.“

Búi segir: „Dýrt er drottins orð. Vil ég setja það skilyrði við þig, herra, ef svo ólíklega vill til að ég sigri hann, að ég sé laus undan reiði þinni og ég fái að fara til Íslands.“

Konungur játti því. Eftir það ákvað konungur að glíman yrði þreytt eftir hálfan mánuð því að hann vildi að sem flestir gætu fylgst með bardaganum. En er sá tími var liðinn lét konungur blása til skemmtunar og safnaðist fólk út á völlinn. Þegar konungur var þangað kominn, ásamt fjölda fólks, þá bjó Búi sig undir glímuna. Hann fór í skyrtu þá er Esja hafði gefið honum og fyrr var sagt frá og síðan steypiti hann yfir sig glímustaknum þeim sem Rauður gaf honum. Eftir það fór hann til leikmótsins. Konungur lét þá leiða fram blámanninn og héldu honum fjórir menn. Hann öskraði hátt og lét tröllslega.

Svo háttaði til að þar var sléttur völlur en þar umhverfis voru hæðir miklar og þar sat fólkið. Á vellinum stóð hella ein mikil og **uppunn**, hún var föst niður í völlinn. Það kölluðu þeir glímuhellu.

Búi gekk þá fyrir konung og mælti: „Hvar er sá maður, herra, er þú ætlar að láta mig glíma við?“

Konungur mælti: „Sjáðu hvar þeir halda honum á leið inn á völlinn.“

Búi mælti: „Ekki sýnist mér þetta vera maður. Hann er líkari trölli.“

Konungur mælti: „Við munum ekki láta þig berjast lengi ef þú ræður ekki við hann.“

Búi mælti: „Þú munt vilja ráða þessu.“

Eftir það gekk Búi fram á völlinn og er fólkið sá hann þá sögðu margir að það væri illt að etja trölli á svo drengilegan mann. Þeir létu þá lausan blámanninn. Hljóp hann þá **grenjandi** að Búa og er þeir mættust tókust þeir á afar fast og sviptust til. Skildi Búi fljótt að hann hafði ekki afl á við þetta kvikindi. Hann forðaðist þá að falla en stóð þétt í fæturna og fór um víðan völlinn. Búi fann að blámaðurinn tók svo fast á að bein hans hefðu brotnað ef klæðin hefðu ekki hlíft honum. Búi fann líka að blámaðurinn vildi færa hann að hellunni.

En er þeir höfðu tekist á um stund þá **mæddist** blámaðurinn ákaflega og þá fór að heyrast í honum eins og í svínum þegar þau berjast og hann froðufelldi. Og er Búi fann það þá hörfaði hann undan að hellunni. Blámaðurinn herti þá sóknina að nýju og voru ógurleg hans læti að heyra því að hann var við að springa af mæði. En þegar Búi var kominn svo nærri hellunni að hann fann fyrir henni með hælunum þá herti blámaðurinn sig eins og hann gat. Búi brá þá við er síst var von á og stökk aftur á bak yfir helluna. Blámaðurinn missti takið á Búa og hendurnar skruppu af glímustaknum. Búi kippti þá blámanninum að sér eins snögg og hann gat. Hrataði hann þá á helluna svo að bringa hans lenti þar sem hellan var hvössust. Búi stökk þá ofan á hann

grenja merkir hér að öskra

mæddist merkir að hann varð móður

af öllu afli og gengu í sundur bringubeinin í blámanninum og var hann þá dauður. Margir töluðu um að þetta væri mikið þrekvirki. Búi gekk þá fyrir Harald konung.

Konungur mælti: „Mikill maður ertu fyrir þér, Búi, og munum við nú skilja og farðu til áttthaga þinna í friði fyrir mér.“

Búi þakkaði konungi. Fór Búi þá til sjávar og tók sér fari til Íslands.

RIFJÆÐ UPP:

1. Búi hitti aftur bóndann sem hann dvaldist hjá áður en hann heimsótti Friði og Dofra. Hvað gerði bóndinn fyrir hann sem átti eftir að koma sér vel síðar?
2. Búi færði Haraldi konungi taflíð. Hvernig tók konungur því?
3. Búi varð að þreyta mjög erfiða glímu. Við hvern glímdu hann og hvernig lauk glímuni?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um þá ákvörðun Haralds að leggja nýja þraut fyrir Búa þegar hann hefur leyst þetta með taflíð? Er Haraldur konungur alveg heiðarlegur í samskiptunum?
- Hvað á Búi við þegar hann segir: „Dýrt er drottins orð“?
- Hvers konar fyrirbæri er blámaðurinn? Reynið að átta ykkur á lýsingunni á honum.

RITUN:


Ung kona situr í hringnum við orrustuvöllinn þar sem Búi berst við blámanninn. Skrifið nú frásögn hennar af atburðunum. Þetta gæti líka verið ungur piltur. Væri frásögnin þá á annan veg?

16. HEIMKOMA BÚA

Það sumar sem Búi fór utan gekk Ólöf hin væna með barni. Fæddi hún um haustið stúlku er hún kenndi Búa og var kölluð Þuríður. Esja bauðst til að fóstura stúlkuna og Ólöf og Kolti samþykktu það. En það sumar sem Búi var í Þrándheimi fóru til Íslands þeir Helgi og Vakur. Þeir sögðu þau tíðindi að Búi væri látinn og Haraldur konungur hefði sent hann í lífs-hættulega ferð sem enginn hefði komist lifandi frá. En er það spurðist fór Kolfinnur til Kollafjarðar og tók þaðan í brott Ólöfu hina vænu nauðuga og gegn vilja föður hennar. Kolfinnur fór þá með Ólöfu út til Vatns. Var hún þar það sumar og veturinn eftir.

En um sumarið eftir kom skip að landi á Eyrarbakka í höfn þá er heitir Einarshöfn. Fréttist brátt að á því skipi var Búi Andriðs-son. Og þegar þetta fréttist hélt Kolfinnur njósnum um ferðir Búa og frétti af því þegar hann kom í Ölfus. Þá reið Kolfinnur að heiman upp til Öxnaskarðs við tólfta mann. Þar var með honum Grímur, frændi hans, og tíu menn aðrir. Þeir sátu fyrir Búa. Í því bili reið Búi ofan úr skarðinu. Hann sá mennina vopnaða og þóttist vita hverjir það væru. Búi hafði góð vopn. Hann var í skyrtu sinni sem Esja gaf honum. Búi reið að steini einum miklum er stóð undir skarðinu og fór þar af baki. Þeir hlupu þá þangað til. Búi hafði haft **snarspjót** lítið í hendi og kastaði hann því til þeirra. Það kom á skjöld Gríms neðanverðan. Þá brast úr skildinum og fór spjótíð í fót Gríms fyrir ofan hné og þar í gegn. Var Grímur þegar óvígur. Búi sneri þá baki að steininum því að hann var það stór að þá var aðeins hægt að koma framan að honum.

snarspjót er kastspjót með áföstu bandi til að slöngva því með



Kolfinnur mælti þá: „Það er gott, Búi, að við höfum hér mæst. Nú mun hellir tröllsins Esju ekki hlífa þér eins og síðast.“

Búi segir: „Ekki þykir mér það slæmt. Í þau skipti sem við höfum hist hefur þú farið illa út úr samskiptum okkar. Ég býst við því að svo verði áfram. Það væri nú drengilegt að einn berjist við einn.“

Kolfinnur mælti: „Þess skulum við nú njóta að við erum fleiri.“

Búi mælti: „Þá skal vel við því taka.“

Þeir réðust að honum en hann varðist hetjulega. Kolfinnur eggjaði sína menn en hlífði sjálfum sér því að hann ætlaði sér að standa yfir Búa dauðum. En þeim gekk illa að fást við Búa því að þó að þeir kæmu á hann höggum eða stingju hann þá varð hann ekki sár þar sem skyrtan varði hann. En ef hann kom höggi á einhvern þá þurfti ekki um það að binda. Var svo komið að sex menn Kolfinns voru látnir en hinir allir sárir. Búi var sár á fæti.

þurfti ekki um það að binda merkir að það tók því ekki að binda um sárin þar sem þau voru svo stór og hættuleg

Kolfinnur mælti þá: „Mikið tröll ertu, Búi,“ sagði hann, „er þú verst svo lengi jafnmörgum mönnum.“

Búi mælti: „Þú hefur hlíft þér og er það skammarlegt af þér að þora ekki að ráðast að mér.“

Kolfinnur mælti: „Það mundi ég vilja að þú hefðir það að segja áður en bardaganum lýkur að ég hlífi mér ekki.“

Hljóp Kolfinnur þá að Búa með **brugðið sverð** og hjuggu þeir þá hvor til annars. Búi hlífði sér með skildinum. Kolfinnur hjó hart og títt og barðist mjög hraustlega. Skjöldur Búa tók nú að brotna undan höggum Kolfinns. En er Kolfinnur gaf eftir í bardaganum og hann tók að mæðast þá herti Búi sóknina og færði sig þá frá steininum. Eftir nokkur högg frá honum var skjöldur Kolfinns ónýtur. Eftir það hjó hann mikið högg sem tók Kolfinn sundur í miðju. Búi var þá nokkuð sár bæði á höndum og fótum þar sem skyrtnan hafði ekki hlíft honum og hann var ákaflega vígamóður.

Búi gekk þá þangað sem Grímur var, sonur Korpúlfs, og spurði hvort hann vildi hafa grið. Hann kveðst vilja það. „Þá skaltu sverja,“ segir Búi, „að vera mér trúr héðan í frá.“

Grímur sagðist mundu gera það. Förunautar Kolfinns tóku þá einnig grið af Búa. Bað hann þá að taka lík Kolfinns og sjá um það.

Búi tók þá hest sinn og reið þar til hann kom ofan til Elliða- vatns. Ólöf var úti og heilsaði Búa. Hann bað hana að taka klæði sín og fara með sér. Hún gerði svo og reið með Búa til Kolla- fjarðar. Kolli var úti og fagnaði Búa og bauð honum þar að vera. Búi sagðist ætla að eiga stund við laugina og binda sár sín. Var nú svo gert.

brugðið sverð merkir að sverðið hefur verið dregið úr slíðrum

Búi mælti þá til Kolla: „Nú er svo, Kolli,“ sagði Búi, „að þér er kunnugt um samskipti okkar Ólafar. Hef ég launað Kolfinni fyrir það sem hann gerði. En nú skal Ólöf, dóttir þín, vera hjá þér þar til hún giftist því að ég vil ekki elska hana af því að Kolfinnur hefur spillt henni.“

Nú varð svo að vera sem Búi vildi.

RIFJID UPP:

1. Ólöf hin væna fæddi barn. Hver var faðirinn?
2. Helgi og Vakur komu til Íslands. Hvaða fréttir sögðu þeir af Búa?
3. Hvernig brást Kolfinnur við þeim fréttum?
4. Búi kom til Íslands. Hvar kom hann að landi?
5. Kolfinnur réðist gegn Búa þegar hann reið frá skipinu. Hvernig lauk þeim bardaga?
6. Hvernig urðu endurfundir Búa og Ólafar hinnar vænu?

TIL UMRÆÐU:

- Kolfinnur tók Ólöfu hina vænu nauðuga frá heimili sínu. Hvers vegna var hann ekki stöðvaður? Hvað er að segja um þessa framkomu? Berið þennan atburð saman við það sem sagt er frá í 9. kafla þegar Búi tók Ólöfu með sér til hellisins.
- Búi segir að hann vilji ekki elska Ólöfu af því að Kolfinnur hafi spillt henni. Ræðið þetta. Hvað finnst ykkur um afstöðu hans? Hafið í huga hvernig hann varði jólnunum í Noregi.
- Berið nú saman barnsmæður Búa, þær Ólöfu hina vænu og Fríði Dofradóttur. Hvað er líkt með þeim, hvað er ólíkt?

17. BÚI OG ÞORGRÍMUR SÆTTAST

Búi reið þá til Esjubergs og var Esja, fóstura hans, enn á lífi. Hún varð honum alls hugar fegin. Búi fór brátt í Brautarholt að finna móður sína. Var hún þá enn hraust kona. Dvaldist Búi þar um tíma.

Þorgrímur bjó þá enn á Hofi og var þá mjög gamall. Hann átti eina dóttur er Helga hét. Hún var ung og efnileg. Arngrímur, bróðir hans, var þá andaður en þeir synir hans höfðu skipt með sér arfi. Hafði Helgi land í Saurbæ en Vakur gerðist kaupmaður og þótti vera hinn **vaskasti**.

En er hér var komið völdust til þess vitrir menn og góðgjarnir að bera **sáttamál** á milli þeirra Búa og Þorgríms og hvort sem um það var rætt lengur eða skemur þá varð niðurstaðan sú að þeir, Búi og Þorgrímur, lögðu þessi mál undir dóm hinna bestu manna. Þeim málum var lokið á vorþingi. Höfðu þeir það upphaf að sættum sín á milli að Búi skyldi fá Helgu Þorgrímsdóttur fyrir konu en fégjöld þau sem dæmdust á Búa skyldu vera heimanfylgja Helgu. Sáu þeir það, sem var, að þau Búi og Helga áttu hvern pening eftir hans dag. Helgi Arngrímsson skyldi eignast Ólöfu Kolladóttur. Eftir það bundust þeir tryggðaböndum. Var nú efnt til mikillar veislu á Hofi því að þar skyldu bæði brúðkaupin fara fram. Voru brúðkaupin haldin um sumarið.

Litlu síðar andaðist Esja. Hún gaf allt fé sitt Búa og Þuríði dóttur hans. Búi tók þá við búi á Esjubergi og setti þar saman rausnarbú. Eftir brúðkaupið um sumarið fór Helga til Esjubergs með Búa. Kom fljótt í ljós að hún var hinn mesti skörungur. Við þessar mægðir tókst vinátta með Þorgrími og Búa. Þorgrímur

vaskasti merkir röskasti, duglegasti

sáttamál eru sáttatillögur, sættir, samningar um lyktir mála

gerði nú allt til sæmdar Búa. Var þangað skotið öllum málum. Búi nýtti sér það svo vel sem hann gat. Varð hann hinn vinsælasti maður.

Þau Búi og Helga eignuðust börn. Þau áttu son þann er Ingólfur hét og annar hét Þorsteinn. Dóttur áttu þau er Hallbera hét.

Annað sumar eftir þetta veiktist Þorgrímur og andaðist. Hann var kvaddur samkvæmt þeim sið er þá var venja og **drukkið eftir hann erfi**. Um það leyti hætti Vakur siglingum. Tók hann við landi í Saurbæ en Helgi tók þá við Hofslandi af Búa. Tók Búi þá við völdum. Hans yfirráð náðu þá frá Nýjahrauni og inn til Botnsár. Búi bjó á Esjubergi í tólf vetur og átti mikið **rausnarbú**. Vakur fékk fyrir konu Þuríði, dóttur Búa og Ólafar.

RIFJÓÐ UPP:

1. Búi og Þorgrímur goði sættust. Í hverju fólst sættin?
2. Hver fékk Ólöfu hina vænu fyrir konu?
3. Hvaða konu fékk Vakur?

TIL UMRÆÐU:

- Ræðið um sætt þeirra Þorgríms goða og Búa. Hvað olli upphaflega deilunum á milli þeirra? Hvað finnst ykkur um fjárskiptin, þ.e. sektargreiðslur Búa og hvernig þær voru látnar mæta heimanmundinum?
- Helgi Arngrímsson fær Ólöfu hina vænu fyrir konu. Hvað skyldi henni finnast um atburðarásina eins og sagt er frá henni hér?
- Hvernig ætli Helgu líði að vera gefin bróðurbana sínum?
- Ræðið fjölskyldutengsl þeirra bræðra, Helga og Vakurs.

18. JÖKULL BÚASON – SÖGULOK

En er hér var komið sögu kom skip að landi norður í Eyja-firði. Á því voru tveir menn frá Þrándheimi í Noregi. Á skipinu var sá maður er Jökull hét, ungur og stórglæsilegur. Strax þegar Jökull kom á land keypti hann sér hesta og föruneyti og reið suður um land og segir ekki af ferðum hans fyrr en hann kom að kvöldi dags til Esjubergs. Lét hann fara lítið fyrir sér. Þeir voru þar um nóttina því að þar var öllum mönnum veittur matur.

Um morguninn gekk Jökull til tals við Búa og mælti: „Svo er mál með vexti að ég á við þig erindi, Búi,“ sagði hann.

Búi spurði hvað það væri.

Jökull mælti: „Mér er sagt að þú sért faðir minn en Fríður Dofradóttir er móðir mín, dóttir Dofra konungs.“

Búi segir: „Ólíklegt þykir mér að þú sért sonur minn því að mér þætti von til að það mundi vera myndarlegur maður er undan okkur kæmi en mér sýnist þú heldur væskilslegur.“

Jökull mælti: „Ég hef enn ekki marga vetur að baki en móðir mín bað mig að segja þér það sem sönnun að hún kveðst hafa sagt þér að þú mundir gjalda þess ef þú tækir ekki vel á móti mér.“

Búi segir: „Ekki hirði ég um sögur þínar. Þykja mér þær ómerkilegar. Ég vil að við þreytum glímu því að þú ert ekki sonur okkar ef enginn kraftur er í þér.“

Jökull mælti: „Það er ekki sanngjarnt að ég, tólf vetra gamall, þurfi að glíma við þig þar sem þú deyddir blámann Haralds konungs í glímu. En þú munt vilja ráða þessu.“

Þeir Búi gengu þá austur undir fjallið til laugar. Þar voru fagrir vellir. Síðan klæddust þeir til glímunnar og tókust á mjög sterklega og gekk svo lengi að hvorugur féll. Búi varð móður mjög.

Jökull mælti: „Hættum nú þessari glímu og taktu við mér sem syni.“

„Nei,“ sagði Búi, „annar hvor okkar skal falla.“

Jökull mælti: „Það verður ekki betra.“

Eftir það tókust þeir á að nýju og urðu þar mjög harðar sviptingar. Lá þá við að Jökull myndi falla, en í því var sem kippt væri báðum fótunum í senn undan Búa og féll hann áfram og varð við það hár brestur og mikill.

Búi mælti: „Þessu mun nú vera lokið. Móðir þín gat ekki látið þetta afskiptalaust.“

Þá hlupu til aðrir menn og sáu þau vegsummerki að bringubeinin voru í sundur í Búa og hafði verið steinn undir er hann féll.

Búi mælti þá til Jökuls: „Ekki hefur för þín hingað orðið til mikillar gæfu því að þú hefðir verið gott mannsefni. En nú mun ég ekki lifa lengi úr þessu.“

Eftir það var Búi borinn heim á rauðum skildi og lifði í þrjár nætur og andaðist síðan.

Jökli þótti verk sitt svo illt að hann reið þegar í brott og til skips er var tilbúið til siglingar frá Eyrarbakka. Fór hann með því utan um sumarið en síðan höfum vér enga sögu frá honum heyrt.

Helga Þorgrímsdóttir bjó að Esjubergi með börnum þeirra Búa. Þá stóð enn kirkja sú að Esjubergi er Örlýgur hafði látið

gera. Enginn maður sinnti henni þá, en þar sem Búi var skírður maður en blótaði aldrei þá lét Helga húsfreyja grafa hann undir kirkjuveggnum hinum syðri. Ekkert var lagt fémætt í gröf með honum nema vopn hans.

Frá Búa Andriðssyni er komin mikil ætt. Og ljúkum vér þar Kjalnesinga sögu.

RIFJID UPP:

1. Jökull Búason kom til Íslands. Hvar kom hann að landi?
2. Jökull fór að hitta föður sinn. Hvernig tók Búi á móti honum?
3. Hvernig lauk samskiptum þeirra?
4. Hvað varð um Jökul?

TIL UMRÆÐU:

- Hver kynni að vera ástæðan fyrir því að Búi neitar að gangast við syni sínum?
- Hvað á Búi við þegar hann segir: „Móðir þín gat ekki látið þetta afskiptalaust.“
- Sagan endar á því að rætt er um kirkjuna á Esjubergi. Rifjið nú upp það sem áður var sagt um þessa kirkju. Skoðið hvernig höfundur sögunnar opnar hana og lokar henni aftur með umræðu um þessa kirkju.

RITUN:

Skrifið nú þennan síðasta kafla upp aftur og semjið ykkar eigin sögulok.





KJALNESINGA SAGA

NOKKUR RITUNARVERKEFNI:

1. Andríður í Brautarholti var upphaflega í fóstbræðralagi við syni Helga bjólu, þá Þorgrím og Arngrím. Skrifðu nú um samskipti þeirra, hvernig þau hófust og hvernig þeim lauk.
2. Mannlýsing. Skrifðu um Búa Andriðsson. Hvers konar maður er hann?
3. Esja er heima, orðin gömul og slitin, Búi sigldur af landinu, enginn veit hvar hann er niður kominn, en Esja rifjar upp minningar sínar um fóstursoninn. Hvað er henni efst í huga?
4. Samskipti Búa og Haralds hárfagra. Rekið í stuttu máli það sem þeim fór á milli.
5. Í 16. kafla segir frá því að Kolfinnur kom í Kollafjörð og tók þaðan á brott Ólöfu hina vænu nauðuga. Hvað finnst þorgerði, móður Kolfinns. Setjið nú upp samtál milli þeirra þriggja þegar Kolfinnur kemur heim með Ólöfu. Hvað fannst Ólöfu? Skrifðu færslu sem hún deilir á samfélagsmiðlum (ef þeir hefðu verið til!) þar sem hún lýsir þessum atburði og hvernig henni leið og hvað henni fannst.
6. Í 9. kafla segir frá því að þeir börðust, Kolfinnur og Búi, og varð Kolfinnur sár og óvígur. Hugsðu ykkur nú að Búi hefði drepit Kolfinn í þeim bardaga. Hvernig hefði sagan þá orðið? Skrifðu upphafið á næsta kafla ef þetta hefði gerst.
7. Jökull Búason barðist við föður sinn og gekk af honum dauðum. Eftir það fór hann til skips og sigldi utan. Skrifðu nú um það þegar hann segir skipsfélögum sínum frá atburðunum. Er hann sátur við þessi málalok og ef ekki, hvað finnst honum þá verst?

KJALNESINGA SAGA

Stytt og endursögð

ISBN 978-9979-0-2192-6

© 2018 Ragnar Ingi Aðalsteinsson

© 2018 Teikningar Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Forsíðumyndin er fengin hjá Árnastofnun

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Fagleg ráðgjöf og yfirllestur: Magdalena Berglind Björnsdóttir

grunnskólakennari, Ýr Þórðardóttir grunnskólakennari,

Þórður Ingi Guðjónsson ritstjóri Íslenzkra fornrita

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Þakkir fyrir veitta aðstoð frá nemendum

í 8. EHG í Foldaskóla, veturinn 2017–2018

1. útgáfa 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

KJALNESINGA SAGA

Kjalnesinga saga fjallar um landnám á Reykjavíkursvæðinu. Þar segir annars vegar frá heiðnu norrænu fólki og hins vegar írsku fólki sem er kristið. Í upphafi rísa þar bæði hof og kirkja, átök verða um skeið en þau mál leysast í sögulek. Þá veldur ástin ungum mönnum hugarangri um tíma og keppt er um hylli fallelgrar stúlku með nokkuð alvarlegum afleiðingum.

Sagan hefur verið stytt lítið eitt og orðfæri á nokkrum stöðum fært nær nútímamáli. Þessi útgáfa er ætluð nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Skýringar og verkefni fylgja hverjum kafla og kennsluleiðbeiningar er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson annaðist þessa útgáfu. Hann kenndi lengi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hefur auk þess langa reynslu bæði af kennslu í efri bekkjum grunnskólans og námsefnisgerð.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40137

